# FRÉTTABLAÐIÐ

57. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 23. MARS 2021




Í upphafi gossins í Geldingadal voru gígopin sjö en nú er þau tvö, annað mun stærra eins og hér sést á mynd sem ljósmyndari Fréttablaðsins tók við gosstöðvarnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hrauntjörn að myndast í Geldingadal

**Eldgosið í Geldingadal nærist á kviku af allt að tuttugu kílómetra dýpi. Þrýstingurinn er stöðugur og gæti gosið orðið langvinnt að sögn Þorvaldar Þórðarsonar hjá Jarðvísindastofnun. Hrauntjörn hafi myndast við gosstöðina. Gosið geti víðar á Reykjanesskaga.**

**NÁTTÚRA** „Það hefur verið jafnt flæði allan tímann þannig að það virðist vera kominn stöðugleiki. Það gæti bent til þess að þetta gos gæti orðið langvinnt,“ segir Þorvaldur Þórðarson, jarðvísindamaður hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, um gosið sem hófst í Geldingadal á föstudagskvöld.

„Gosið gæti jafnvel farið í að mynda hraunskjöld eða dyngju,“ heldur Þorvaldur áfram. „Eigum við ekki að byrja á því að tala varlega og segja mánuði til ár eða nokkur ár,“ svarar hann nánar um hugsanlega tímalengd gossins og nefnir sem dæmi gos sem stóð frá 1983 til 2018 á Havaí. Þar hafi komist á jafnvægi á framleiðnina á kviku upp á fimm til tíu rúmmetra á sekúndu. Útflæðið í Geldingadal er einmitt fimm til tíu rúmmetrar.

Þorvaldur segir vísbendingar um að hrauntjörn sé að myndast í Geldingadal. „Hraunið safnast þá í eina stóra tjörn undir harðnaðri skorpu. Undir hraunskorpunni er bara glóandi hraun meira og minna,“ segir Þorvaldur sem ræður eindregið frá því að fólk stígi upp á nýja hraunið eins og sést hefur. „Það er ekki ráðlegt á þessum tíma. Kvikan er 1.200 gráður þegar hún kemur upp úr gígunum.“

Kvikan er í heitari kantinum enda er hún tiltölulega frumstæð,

> **Svo eru líka alltaf möguleikar á að annars staðar undir Reykjanesskaga séu kvikugeymslur sem eru tilbúnar til þess að dæla kviku upp til yfirborðs.**



Þorvaldur Þórðarson, jarðvísindamaður hjá Jarðvísindastofnum Háskóla Íslands

kemur af minnst sautján til tuttugu kílómetra dýpi, að sögn Þorvaldar. Þó að flæðið hafi verið jafnt undirstrikar hann að ekkert sé víst.

„Þetta getur hætt á morgun eða staðið í meira en þrjátíu ár eða lengur. Ef framleiðnin minnkar og dettur jafnvel niður fyrir þrjá rúmmetra á sekúndu eru líkur á að það slokkni á gosinu. En það getur líka alveg verið að það muni aukast,“ segir Þorvaldur. Það geti gerst ef ný skjálftahrina opnar frekari leiðir fyrir kviku.

Ekki er hætta á því í bráð að hraunflæði frá Geldingadal nái niður á Suðurstrandarveg haldi gosið óbreytt áfram. „Ég myndi giska á það yrði ekki fyrr en á næsta ári sem væru líkur á því,“ segir Þorvaldur sem aðspurður kveður fólk eiga að geta fylgst áfram með eldstöðinni. „Ef þetta helst í töluvert langan tíma þá er þetta orðið ansi vænlegt gos fyrir ferðalanga að horfa á.“

Þá segir Þorvaldur ólíklegt að kvikan leiti upp annars staðar úr því hún hafi fundið þessa leið.

„En svo eru líka alltaf möguleikar á að annars staðar undir Reykjanesskaga séu kvikugeymslur sem eru tilbúnar til þess að dæla kviku upp til yfirborðs og þurfa kannski ekki mikið til í viðbót til þess að henni takist að finna sér leið.“ – gar




## Páskaungar í Fréttablaðinu

**PÁSKAR** Í Fréttablaði dagsins er páskaleik þess hleypt af stokkunum. Páskaungum verður komið fyrir einhvers staðar í blaðinu og lesendur fara inn á frettabladid.is/paskaleikur og tilgreina hvar unginn er falinn þann daginn. Dregið verður úr réttum svörum daglega. Í verðlaun eru páskaegg númer 11 og Karamelluegg frá Góu.



Eldgosið er orðin hin besta landkynning. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Heimurinn horfir á gosið

**NÁTTÚRA** Fjölmiðlar úti í heimi hafa verið duglegir að fylgjast með eldsumbrotunum í Geldingadal en meðal annars hafa SBS í Ástralíu, Hindustan Times í Indlandi, Sky News í Bretlandi og ABC news í Bandaríkjunum birt drónamyndband Björns Steinbeck, myndir af mannmergðinni að skoða gosið og myndbönd af vísindamönnum að grilla sér pylsur. **– bb**

## Fótabað í fjörunni



Í Bollasteini, listaverki Ólafar Nordal yst á Seltjarnarnesi, var þessi erlendi ferðamaður að lauga fætur sína um miðjan dag í gær í éljahraglandanum, þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar þar að. Sá berfætti hafði ekkert á móti því að tekin væri af honum mynd en baðst undan því að sæist í andlit sitt því hann væri í sóttkví. En öldunni var sama um það allt og kastaðist á land með tilheyrandi gusugangi og hávaða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Blikur virðast á lofti um fjórðu bylgju faraldursins

**COVID-19** Blikur eru á lofti um að hér gæti ný bylgja kórónaveirufaraldursins verið að festa rætur eftir að 21 greindist með kórónaveirusmit frá föstudegi til sunnudags. Tíu þeirra eru skipverjar á skipi sem kom til lands á Reyðarfirði um helgina og flokkast það undir landamærasmit, rétt eins og ferðamennirnir sem voru með virkt smit við komuna til landsins með Norrænu í fyrradag.

Alls greindust sex með innanlandssmit um helgina, þar af þrjú utan sóttkvíar. Einn þeirra smituðu reyndist vera starfsmaður á rannsóknarsviði Landspítalans og annar var kennari við Laugarnesskóla. Í ljósi þessa lýsti Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir yfir áhyggjum sínum af fjölda tilfella undanfarna daga á blaðamannafundi almannavarna í gær.

„Það mynstur sem við höfum



Þórólfur Guðnason.

verið að sjá núna bendir sterklega til þess að samfélagslegt smit sé útbreiddara núna heldur en við höfðum talið,“ sagði Þórólfur á fundinum.

Þá bætti Þórólfur við að hann vildi breyta nálgun við landamærin og herða aðgerðir þar til að reyna að hindra að veiran kæmist inn til landsins.

Staðreyndin væri sú að ferðamenn væru að brjóta á reglum um sóttkví en lögreglan á Norðurlandi vestra tilkynnti í gær að hún hefði stöðvað tvo ferðamenn sem hefðu brotið reglur um sóttkví. **– kpt**




# Kallað eftir aukinni kennslu í fjármálalæsi

**Verkefnastjóri hjá SFF segir kallað eftir meiri kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum. Nemendur í 10. bekk í Áslandsskóla unnu nýlega Fjármálaleikana og hlutu 150 þúsund krónur í verðlaun, helminginn gáfu þau til góðgerðarmála.**

**MENNTUN** Nemendur í 10. bekk í Áslandsskóla í Hafnarfirði báru sigur úr býtum í Fjármálaleikum Fjármálavits á dögunum. Keppnin er haldin í tengslum við alþjóðlega fjármálalæsisviku sem hófst í gær. Þar er keppt í fjármálalæsi og segir Kristín Lúðvíksdóttir, verkefnastjóri fjármálafræðslu hjá Samtökum fjármálafyrirtækja, eftirspurn eftir kennslu í fjármálalæsi að aukast.

„Þetta var í fjórða skipti sem leikarnir eru haldnir og við finnum að nemendur, kennarar og foreldrar eru að kalla eftir aukinni kennslu um fjármál,“ segir Kristín. Í ár tóku 750 nemendur í 10. bekk úr 35 grunnskólum þátt í leikunum.

Kristín segir það sjást skýrt á úrslitum síðustu ára að með betri kennslu náist betri árangur.

„Við höfum gefið um sjö til átta þúsund kennslubækur um fjármálalæsi inn í skólana, allir grunnskólar fá bækur og þeir kennarar sem vilja nýta þær geta gert það. Við sjáum að nemendum í þeim skólum þar sem fjármálalæsi er kennt gengur markvisst betur í Fjármálaleikunum,“ bætir Kristín við. Þá segir hún krakkana hafa sýnt mikinn áhuga og keppnisanda.

„Þetta er rafræn spurningaleikur sem þau svara sem einstaklingar í tölvu eða símanum sínum en það er meðaltal skólans sem gildir svo það skiptir máli að allir standi sig.“

Leikurinn byggir á spurningum sem snúa að hinum ýmsu þáttum fjármála, svo sem heimilisbókhaldi, eigin fjármálum og launum. Spurningarnar eru misflóknar, til að mynda: Hver er munurinn á debet- og kreditkorti? Hvað kostar



Nemendurnir sem hrepptu fyrsta sætið í Fjármálaleikunum. Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra fékk góðar móttökur í skólanum. MYND/AÐSEND

> Það er meðaltal skólans sem gildir svo það skiptir máli að allir standi sig vel.

Kristín Lúðvíksdóttir, verkefnastjóri fjármálafræðslu hjá SFF



að leigja íbúð? Og hvað þarf að greiða mikið í lífeyrissjóð?

Verðlaunafé fyrir sigurliðið í ár var 150 þúsund krónur, helmingur þess rennur til 10. bekkjar í Áslandsskóla en hinn helmingurinn rann til góðgerðarmála sem nemendur völdu. „Þau völdu að gefa Alzheimer-samtökunum helminginn og hinn helminginn ætla þau að nota í tíundabekkjarferð sem þau stefna að.“

Frá stofnun SFF hefur efling fjármálalæsis verið eitt af helstu baráttumálum samtakanna og hefur verið lögð áhersla á að fjármálalæsi verði tekið inn í námskrá grunnskólanna. Kristín segir alþjóðlegu fjármálavikuna sem hófst í gær hugsaða til þess að vekja athygli á mikilvægi fjármálalæsis fyrir ungt fólk.

„Það er mjög greinilegt að áhugi nemenda á því að læra fjármálalæsi er mikill og kennarar hafa einnig sýnt því mikinn áhuga að kenna þeim það. Nemendurnir í Áslandsskóla voru virkilega stolt af sinni frammistöðu og það sást vel á þeim frábæru móttökum sem þau veittu menntamálaráðherra þegar hún veitti þeim verðlaunin.“

birnadrofn@frettabladid.is



# TRAUSTUR VINNUFÉLAGI Í ÖLL VERK

## TOYOTA PROACE CITY






Toyota Proace City er harðjaxl með góða dráttargetu (allt að 1,5 tonn) og mikið burðarþol (allt að 1 tonn). Hann er lipur í akstri, athafnar sig vel í þröngum götum og bílastæði eru ekki vandamál. Proace City er fáanlegur í nokkrum útfærslum sem henta bæði fyrirtækjum og stærri fjölskyldum. **Proace City kemur með 7 ára (3+4) ábyrgð og honum fylgir 3 ára þjónusta.** Skoðaðu nánar á toyota.is

Verð með vsk. frá: 4.290.000 kr.

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

7 3+4 ÁBYRGÐ
3 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
570 5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
460 4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
420 6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
480 8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Fjármálaráðherra er bjartsýnn andspænis áskorunum

**EFNAHAGSMÁL** Sértækar aðgerðir á sviði ríkisfjármála drógu úr samdrætti landsframleiðslunnar um að lágmarki 100 milljarða. Þetta kom fram á blaðamannafundi fjármála- og efnahagsráðuneytisins síðdegis í gær þar sem kynnt var fjármálaáætlun fyrir 2022 til 2026.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir þetta ótvírætt merki um að viðspyrnu- og uppbyggingaraðgerðir yfirvalda hefðu skilað árangri.

Þrátt fyrir það sé mikið og viðvarandi vandamál fram undan, hið stærsta sem samfélagið stendur frammi fyrir, sem er atvinnuleysi. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi við lok áætlunartímabilsins verði á bilinu fjögur til fimm prósent, nokkuð meira en meðalatvinnuleysi síðastliðinna áratuga.



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Þetta þarf ekki að verða svona. Við getum gert betur og ákvarðanir okkar í dag eru til þess fallnar að hafa áhrif á framtíðina,“ segir Bjarni í samtali við Fréttablaðið, bjartsýnn þrátt fyrir langvinn áhrif faraldurs sem þjóðin stendur frammi fyrir.

Næstu árin er gert ráð fyrir að hagkerfið taki að vaxa kröftuglega að nýju, en meginmarkmið stjórnvalda í áætluninni eru að styðja við vöxt efnahagsins og stöðva skuldasöfnun.

„Ég tel að við höfum nú þegar á tiltölulega skömmum tíma haft mjög mikil áhrif til góðs. Við förum fram úr öllum spám á síðasta ári vegna þess að við erum með áherslur sem skila árangri og með réttum áherslum er áfram hægt að fara fram út væntingum.“ **– ilk**



Samræmd próf voru lögð fyrir þá nemendur sem vildu í gær.

## Samræmd próf á gamla mátann

**SKÓLAMÁL** Samræmt próf í stærðfræði var lagt fyrir þá nemendur sem vildu í gær upp á gamla mátann, með blaði og blýanti. Eins og frægt var réð tölvukerfi Menntastofnunar ekki við álagið þegar samræmt próf í íslensku var lagt fyrir börnin og því gátu margir ekki klárað prófið.

Var prófunum aflýst í kjölfarið. Stofnunin lét það í hendur barnanna að ákveða hvort þau vildu fara í prófin og var byrjað á stærðfræði í gær, prófað verður í ensku í dag og í íslensku á morgun. Menntastofnun vonar að einkunnir liggi fyrir á næstu fjórum vikum. **– bb**

## Aldrei fleiri leitað aðstoðar

**SAMFÉLAG** Aldrei hafa fleiri leitað á kaffistofu Samhjálpar. Daglega eru framreiddar þar upp undir 200 máltíðir. „Þetta hefur vanalega verið á bilinu 80-150 máltíðir svo þetta er mikil aukning,“ segir Rósý Sigþórsdóttir, verkefnastjóri kaffistofunnar. Hún segist tengja aukninguna við kórónaveirufaraldurinn.

„Við höfum átt nægan mat til að gefa en ég viðurkenni að það er að verða mjög tómlegt hjá okkur, sérstaklega þegar kemur að kjöti og fisk,“ segir hún og bætir við að fjáröflun sé hafin fyrir reksturinn. Á vef Samhjálpar getur fólk styrkt samtökin um páskamáltíð.

„Til þess að geta boðið þeim góðan páskamat þá þurfum við á framlögunum að halda, það er bara þannig.“ **– bdj**

# Of langt flug lunda eftir æti

**Því lengur sem lundi flýgur eftir fæðu því lélegri verður ungaframleiðsla. Ný rannsókn á fjórum lundastofnum, meðal annars hér á Íslandi, leiðir í ljós að lundi flýgur um 120 kílómetra leið til að finna sér æti.**

**FUGLALÍF** Ný rannsókn á fjórum lundastofnum í Norður-Atlantshafi sýnir að fækkun er líklega tengd því að fuglarnir þurfi að fljúga lengra eftir fæðu fyrir ungana. Þetta getur reynst þeim erfitt enda fer mikil orka í flug og skilar sér í færri fæðuöflunarferðum.

„Því lengur sem þeir fljúga eftir fæðunni því lélegri verður ungaframleiðslan,“ segir Erpur Snær Hansen, forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands, sem er einn meðhöfunda að rannsókninni. Rannsóknin var gerð í Vestmannaeyjum, Grímsey, Lófóten í Norður-Noregi og Skomereyju við Wales. Örsmáir GPS-sendar voru festir á fuglana og sjálfvirkar myndavélar við lundaholur. Þá var gerð erfðafræðileg greining á DNA í lundasaur til að greina hvað lundarnir éta.

Vitað hefur verið lengi að lundastofninn ætti erfitt og á Íslandi hefur verið um 40 prósent fækkun á um tveimur áratugum. Dregið hefur úr þessari fækkun hér á undanförnum árum. Það sama er ekki hægt að segja um Lófóten þar sem fækkunin hefur verið mest og staðið frá 1965, en þar var eitt sinn stærsta lundavarp heims.

Helsta ástæðan er fæðuskortur og breytingar á vistkerfi hafsins, svo sem hækkun hita. Lundi var settur á válista náttúruverndarstofnunarinnar IUCN árið 2015. Á meðan á rannsókninni stóð í Eyjum drapst helmingurinn af lundapysjunum í Vestmannaeyjum, og þar með talið allar rannsóknarpysjurnar.

Erpur segir að lundarnir hafi þá verið að fljúga mjög langt, allt að 120 kílómetra leið, í leit að æti.

„Ljósáta er orðin aðalfæða lundans við Vestmannaeyjar eftir að makríllinn færði sig frá Selvogsbanka,“ segir Erpur. „Stofninn í Eyjum hefur verið að braggast undanfarin ár en þó geta komið



Í rannsókninni voru örsmáir GPS-sendar festir á fuglana og myndavélar við lundaholur. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> Í Papey 2010 lágu 130 þúsund ungar eins og hráviði úti um allt og bókstaflega dauðalykt í loftinu.



Erpur Snær Hansen, forstöðumaður Náttúrustofu Suðurlands

tímabil þar sem fuglarnir ná ekki í neina fæðu, sama hversu langt þeir fljúga, og stór hluti unganna drepst, eins og 2018.“

Veðurfar getur einnig haft áhrif, til dæmis lægðabreytingarnar (NAO) eins og gerðust við Ísland árið 2010.

„Íslandslægðin færðist austur fyrir allt árið, og olli tímabundnum umskiptum í ríkjandi vindáttum og veðri.

Við sáum svakaleg viðbrögð hjá lundanum við þessu og það drápust allir ungar á örfáum dögum, sunnan-, vestan- og austanlands. Í Papey 2010 lágu 130 þúsund ungar eins og hráviði úti um allt og bókstaflega dauðalykt í loftinu. Hálfur ungi á fermetra.

Athyglisvert var að varpárangur var líka mjög lélegur árið eftir þótt NAO væru eðlilegri þá, og tel ég mörg lundapörin hafa ýmist skilið eftir 2010 eða allavega ekki treyst sér í varp 2011, að þarna hafi verið svokölluð „carry-over effect“, að hallærið 2010 hafi líka haft mikil áhrif árið eftir. Í Eyjum afræktu 80 prósent varppara eggin sín 2011 og yfirgáfu svæðið.“

Aðspurður hvað mannfólkið geti gert til að sporna við þessari þróun segir Erpur veiðar vera það eina sem við getum breytt í okkar aðkomu. Veiðar á lunda hafi þegar minnkað um 95 prósent frá 1995. „Veiðarnar sem stundaðar eru nú hafa ekki úrslitaáhrif en ef þeim yrði hætt myndi það flýta fyrir að stofninn næði sér hraðar og betur á strik hér við Ísland,“ segir Erpur.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**





ISBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00

# Lagersala í vefverslun

Stendur til 24. mars.

66° NORÐUR

## Allt að 80% afsláttur.

Frí heimsending ef keypt er fyrir 15.000.

---

### Fullorðnir



Snaefell Neoshell® jakki
~~65.000 kr.~~ 45.500 kr.



Hólar Anorakkur
~~35.000 kr.~~ 24.500 kr.



Þórsmörk dúnúlpa
~~89.000 kr.~~ 62.300 kr.



Gola stuttermabolur
~~4.900 kr.~~ 2.450 kr.



Vatnajökull Softshell® jakki
~~29.000 kr.~~ 20.300 kr.



Logn hettupeysa
~~15.900 kr.~~ 7.950 kr.



Vatnajökull Primaloft® kápa
~~55.000 kr.~~ 33.000 kr.



Mittistaska
~~7.200 kr.~~ 5.040 kr.



Dyngja dúnúlpa
~~55.000 kr.~~ 38.500 kr.




Logn peysa
~~8.500 kr.~~ 5.950 kr.



Kaldbakur Gore-Tex® jakki
~~55.000 kr.~~ 44.000 kr.



Snæfell Technostretch jakki
~~21.000 kr.~~ 14.700 kr.

---

### Krakkar



Bragi dúnúlpa
~~36.900 kr.~~ 25.830 kr.



Týr langerma bolur
~~5.500 kr.~~ 3.850 kr.



Kría heilgalli
~~8.900 kr.~~ 5.340 kr.



Sif Primaloft® jakki
~~18.900 kr.~~ 13.230 kr.

---

Lagersalan fer einnig fram á útsölumarkaði okkar á Skipagötu, Akureyri og í Faxafeni, Reykjavík.

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur.
Hægt er að sækja pantaðar vörur í verslunini í Miðhrauni 11.

66north.is

# Borgin hafnar því að hafa hyglað Þorgrími Þráinssyni

**SKIPULAGSMÁL** Kröfu eigenda þriggja húsa næst Tunguvegi 12 um byggingarleyfi fyrir bílskúr þar á lóðinni hefur verið hafnað af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Nágrannarnir sögðu Reykjavíkurborg ekki hafa „viðhaft nægjanlega gagnrýna hugsun í störfum sínum og ekki gætt að hagsmunum allra aðila málsins,“ segir í umfjöllun nefndarinnar.

„Hafi leyfishafi notið velvildar vegna starfa sinna og kunningsskapar innan borgarinnar,“ segir enn fremur. Kærendurnir sögðu bílskúrinn meðal annars verða of háan og ekki falla inn í götumyndina. Gras á þakinu væri ekki í samræmi við neinar byggingar í hverfinu.

Reykjavíkurborg hafnaði öllum efnislegu rökum kærendanna og einnig því að hafa gengið sérstaklega erinda umsækjandans um leyfið, sem er Þorgrímur Þráinsson rithöfundur. „Fullyrðingum um að málinu hafi verið hagrætt í þágu umsækjanda sé alfarið vísað á bug enda hafi kærendur ekki fært fram rök því til stuðnings,“ segir um athugasemdir borgarinnar í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar sem segir ekki liggja „fyrir þeir form- eða efnisannmarkar á hinni kærðu ákvörðun sem raskað geta gildi hennar“.



**Þorgrímur Þráinsson má reisa bílskúr á lóð sinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**»** **Byggingarleyfið á Tunguvegi 12 er fyrir L-laga bílskúr með torfþaki.**

Þorgrímur lét ekki til sín taka við meðferð kærumálsins en stefnir að því að hefja framkvæmdir í mars. **– gar**



**Rúmlega tvö hundruð fuglum var fargað eftir að smitið fannst.**

## Heimilt að farga skrautfuglum

**GÆLUDÝR** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið staðfesti í gær að það hefði verið rétt ákvörðun hjá Matvælastofnun að hafna innflutningi á 358 skrautfuglum eftir að sníkjudýrasmit fannst í hópnum. Smitið fannst þegar rúmlega þriðjungur fuglanna hafði látist í sóttkví en þeim fuglum sem eftir stóðu var fargað.

Fuglarnir voru fluttir inn til landsins með leyfi Matvælastofnunar og áttu að vera í fjögurra vikna sóttkví hjá innflytjandanum sem var Dýraríkið. Þar greindust sníkjudýr í fuglunum, meðal annars norræni fuglamítillinn, í fyrsta sinn á Íslandi.

**»** **Við eftirlit með sóttkvínni fundust aðeins 232 af þeim 358 fuglum sem áttu að vera í sóttkví.**

Innflytjandi lét Matvælastofnun ekki vita að 37 prósent fuglanna létust í sóttkví. Hætt er við að slík sníkjudýr nái fótfestu á Íslandi og var fuglunum því fargað að kröfu Matvælastofnunar.

Innflytjandi fuglanna taldi að stofnunin hefði ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni né gætt meðalhófs við meðferð málsins en því var synjað af ráðuneytinu og var höfnun innflutningsins af hálfu Matvælastofnunar því staðfest. **– kpt**

# Ruslasafnari við Leifsgötu fær dagsektir fyrir sóðaskapinn

**Eigandi íbúðar í miðbæ Reykjavíkur er kominn með dagsektir á sig fyrir að safna rusli í porti við Leifsgötu. Nágrannar mannsins hafa kvartað yfir söfnun á þvottavélum, timbri, járni og öðru drasli og jafnvel gúmmíbát. Þeir fagna því að málið sé komið á þennan stað því ekkert gangi að fá manninn til að taka til.**

**SAMFÉLAG** Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur lagt dagsektir á lóð við Leifsgötu 4b. Eftirlitið hefur gert ítrekaðar kröfur um að eigandi hreinsi lóðina auk annarra samskipta. Á lóðinni er timbur, málmur, plast og annar úrgangur sem er lýti fyrir umhverfið og veldur hljóðmengun, segir í bréfi eftirlitsins til eiganda íbúðarinnar en málefni Leifsgötu var tekið fyrir á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur í síðustu viku.

Þeir nágrannar sem Fréttablaðið ræddi við í gær eru sammála um að það sé ekki sómi fyrir hverfið að hafa hjólhýsi eða gúmmíbát í portinu. Enginn var heima þegar Fréttablaðið bankaði upp á.

Í bréfinu segir að farið hafi verið í eftirlitsferð 27. október síðastliðinn og kannað á ný hvort ruslið hafi verið hreinsað þann 30. nóvember. Aðeins hafi verið búið að hreinsa hluta af lausamununum og úrgangi. Ný kvörtun barst í febrúar og var haldið af stað í eftirlitsferð að nýju. „Enn var ekki búið að hreinsa lóðina, þvert á móti var búið að bæta úrgangi og lausamunum við. Á lóðinni mátti finna fjórar til sex þvottavélar ásamt vélarhlut úr þvottavél, ísskápa, lítinn bát, járnagrindur, dekk, slöngur, timbur, plast og annan almennan úrgang,“ segir í bréfinu.

Þá var veittur lokafrestur til 17. febrúar, annars þyrfti að fara í frekari aðgerðir. Nú virðist mælirinn orðinn fullur og hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur því ákveðið að leggja dagsektir á eigandann.

„Þetta er fínn strákur en það fylgir honum vissulega mikið drasl,“ segir einn nágranni sem var feginn að það væri komin hreyfing á málið. „Ég get alveg trúað að fólk í Leifsgötu númer fjögur sé orðið svolítið þreytt á þessu ástandi,“ sagði annar.

Íbúar á Leifsgötu 4 vildu ekkert segja annað en að þeir vildu kynna sér niðurstöðurnar.

Það mátti þó heyra gleðitón í röddum þeirra yfir að eitthvað væri að gerast. Það hefði tekið svolítið á að þurfa að vesenast í málinu. **benediktboas@frettabladid.is**



**Hér má sjá portið í Leifsgötu. Við hlið hjólhýsis er gúmmíbátur, nokkrar eldavélar og ísskápur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**»** **Enn var ekki búið að hreinsa lóðina, þvert á móti var búið að bæta úrgangi og lausamunum við.**

Úr úrskurði Heilbrigðiseftirlitsins

**50**

**þúsund krónum geta dagsektir numið frá heilbrigðisnefnd eða Umhverfisstofnun.**




2017-2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan
2016 2020
Framúrskarandi fyrirtæki
ERTU AÐ
BYGGJA
BREYTA
EÐA BÆTA
PARKET, FLÍSAR, HURÐIR
MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG GOTT VERÐ
FÁÐU TILBOÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is



Grímuklæddir menn að njóta sólarinnar á spænskri strönd.

## Þjóðverjar fá að koma yfir páska

**SPÁNN** Ferðamenn frá Þýskalandi eru velkomnir í páskafrí á Spáni þrátt fyrir takmarkanir vegna COVID-19.

Að sögn vefútgáfu spænska dagblaðsins El País reyna Spánverjar nú af fremsta megni að finna jafnvægið milli tveggja andstæðra póla. Annars vegar vilja þeir takmarka ferðalög innanlands til að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar svo koma megi hjólum atvinnulífsins betur í gang en hins vegar vilja þeir gjarnan fá erlenda ferðamenn.

Þannig eru Baleareyjar nú opnar fyrir þýsku ferðafólki en ekki fyrir spænskum ferðamönnum. Fjölmargir Þjóðverjar hafa þegar keypt ferðir til þessara eyja, Mallorca, Ibiza og hinna eyjanna. Eftirspurnin rauk upp eftir að yfirvöld í Þýskalandi færðu Baleareyjar af hættulistanum. Til dæmis seldust sæti í 20 þotur frá Dusseldorf upp á tveimur dögum. **– gar**

## Bóluefni frá Kína samþykkt

**UNGVERJALAND** Kínverski lyfjaframleiðandinn CanSinoBio greindi frá því í gær að bóluefni fyrirtækisins við kórónaveirunni, Convidecia, hefði fengið neyðarleyfi til notkunar í Ungverjalandi. Með því er Convidecia annað kínverska bóluefnið sem fær markaðsleyfi í Ungverjalandi.

Áður voru stjórnvöld í Ungverjalandi búin að tryggja sér fimm milljónir skammta af bóluefni frá Sinopharm í Kína og tæplega 700 þúsund skammta af rússneska bóluefninu Spútnik.

Lyfjaeftirlit Ungverjalands samþykkti neyðarleyfið byggt á niðurstöðum rannsóknar CanSino á virkni bóluefnisins.

Búið er að veita samþykki fyrir notkun Convidecia í Kína, Pakistan og Mexíkó. Það þarf aðeins einn skammt af bóluefninu.

Tæplega ellefu þúsund greindust með kórónaveiruna í Ungverjalandi á föstudaginn sem er nýtt met þar í landi. **– kpt**

# Nota heitin Belarús og Hvíta-Rússland til skiptis

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðuneyti Danmerkur tilkynnti í síðustu viku að framvegis yrði ríkjaheitið Belarús notað frekar en Hvíta-Rússland. Danir fylgja fordæmi Svía sem ákváðu árið 2019 að kalla landið Belarus en utanríkisráðherra Noregs, Ine Eriksen Søreide, sagði í febrúar að norsk stjórnvöld myndu áfram nota heitið Hvíta-Rússland.

„Samkvæmt samræmdum landalista utanríkisráðuneytisins og Hagstofunnar er heiti landsins skráð sem Belarús,“ segir Sveinn Guðmarsson, fjölmiðlafulltrúi



**Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus í íslenskri málfræði.**

utanríkisráðuneytisins, í samtali við Fréttablaðið. „Í fréttatilkynningum ráðuneytisins og ræðum utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra hefur þó líka verið talað um Hvíta-Rússland, samanber landalista Árnastofnunar, og jafnvel oftar en Belarús. Við höfum hins vegar ákveðið að festa nafnið Belarús enn betur í sessi hjá okkur.“

Á lista Stofnunar Árna Magnússonar yfir ríkjaheiti eru bæði Hvíta-Rússland og Belarús skráð sem almenn heiti landsins.

„Þetta er auðvitað alltaf snúið mál,“ segir Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus í íslenskri málfræði. „Utanríkisráðuneyti Íslands fékk fyrir einhverju síðan þau tilmæli að nota frekar Belarús en Hvíta-Rússland, meðal annars til að aðgreina landið frekar frá Rússlandi. Það er svo eitt að breyta heiti ríkis opinberlega en svo annað hvort það þurfi endilega að skila sér í almennu máli og þá hvort það þurfi að gerast strax eða smám saman.“

Eiríkur segir að líkt og með fjölda orða í íslensku sem þóttu eðlileg fyrir nokkrum áratugum og þyki ekki lengur við hæfi sé vert að skoða notkun á heiti landsins betur. „Spurningin er hvort við eigum að halda í hefðina eða virða vilja þjóðar um að nota ekki heiti yfir hana sem hún telur óviðeigandi.“ **– atv**

# Byggja upp ferðaþjónustu við ratsjárstöð NATO á Bolafjalli

**Í Póllandi er verið að smíða stóran útsýnispall sem boraður verður inn í Bolafjall við Bolungarvík. Þar er fyrir ratsjárstöð Atlantshafsbandalagsins og huga þarf að örygginu varðandi uppbygginguna. Bæjarstjóri segir ferðaþjónustu og ratsjárstöð vel geta farið saman og vill auka aðdráttaraflið fyrir ferðamenn.**



**Útsýnispallur verður boraður utan í þverhnípt fjallið og veitir fallegt útsýni yfir fjörðinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VESTFIRÐIR** Mikil uppbygging er að hefjast á ferðaþjónustumannvirkjum á Bolafjalli við Bolungarvík en þar reka Landhelgisgæslan og Atlantshafsbandalagið ratsjárstöð. Verður þar meðal annars komið fyrir stórum útsýnispalli, þjónustuhúsi, verslun, safni og bílastæðum fyrir bæði fólksbíla og rútur. Verður ferðaþjónustan stíluð inn á bæði náttúruna, útsýnið og ratsjárstöðina sjálfa.

Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, segir rekstur ferðaþjónustu og ratsjárstöðvar vel geta farið saman. Fordæmi sé fyrir því frá Nordkapp í norðurhluta Noregs sem sé að vissu leyti fyrirmyndin að uppbyggingunni á Bolafjalli, þjónustu sem er líkt og Nordkapp þverhnípt með góðu útsýni. Til Nordkapp koma 250 þúsund manns á hverju ári.

„Þegar við hófum undirbúninginn bjuggumst við alveg eins við því að einhverjir ofurstar í bandaríska hernum myndu mæta á svæðið og setja sig upp á móti þessu. En það var alls ekki þannig heldur mætti okkur aðeins velvilja fólk frá Landhelgisgæslunni og utanríkisráðuneytinu,“ segir Jón en ítrekar að huga verði að örygginu. „Það verða allir að passa sig og kasta ekki steinum í kúluna,“ segir hann kíminn.

Ratsjárstöðin hefur verið starfrækt síðan árið 1992 og vegna sérstakra laga um svæðið hefur Bolungarvíkurkaupstaður þurft að skipuleggja það í samstarfi við utanríkisráðuneytið. Ýmsar takmarkanir gilda um þau mannvirki sem reist verða, svo sem að ekki megi vera speglagler í gluggunum.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitti í fyrra 160 milljónir króna til byggingar útsýnispalls á Bolafjalli og er það langhæsti styrkurinn sem hefur verið veittur. Pallurinn, sem er nú í smíði í Póllandi, verður boraður inn í fjallið um leið og fært verður í vor eða sumar. Síðan verður hann opnaður í haust.

„Eftir að við fengum styrkinn ákváðum við að skipuleggja allt svæðið til að Bolafjall verði einn

> **Þegar við hófum undirbúninginn bjuggumst við alveg eins við því að einhverjir ofurstar í bandaríska hernum myndu mæta á svæðið og setja sig upp á móti þessu.**
>
> Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar



helsti ferðaþjónustusegull Vestfjarða,“ segir Jón. Fjallið er nú þegar vinsælt hjá ferðamönnum þrátt fyrir enga þjónustu og aðgengisvandamál. Hefur fjallið þá sérstöðu að þar liggur vegur í 630 metra hæð, að stöðinni. Eftir breytingarnar, næstu fimm til tíu árin, vonast Jón til að 100 þúsund manns heimsæki það árlega.

Jón segir uppbygginguna á Bolafjalli ekki gerða í tómi. Verið sé að skipuleggja allan miðbæ Bolungarvíkur og hafnarsvæðið með tilliti til ferðaþjónustu. Bolafjall gegni þó stóru hlutverki.

**kristinnhaukur@frettabladid.is**


FASTEIGNASALAN
TORG

Kraftur, **traust** og árangur



Hringdu núna
**520 9595**

Hafdís Rafnsdóttir
**Sími: 820 2222**

# WIZAR

## 20% AFSLÁTTUR



Verð frá

**167.920** kr.

**Verð áður 209.900** kr.

Gildir aðeins meðan birgðir endast.

**Wizar** hægindastóllinn sem Íslendingar elska.
**Wizar** fyrir lífsins ljúfu stundir.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

# Ólgan innra og ytra



Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Það hefur verið áhugavert að fylgjast með þjóðarsálinni sveiflast undanfarnar vikur. Ekki síst síðustu daga þegar jarðhræringar þær sem haldið hafa henni í heljargreipum sprungu loks út í eldgosi sem sérfræðingar hafa skipst á að spá fyrir um eða afskrifa.

Í kvöldfréttatíma RÚV á föstudag, aðeins rúmum tveimur klukkustundum áður en ljóst varð að eldgos væri hafið, birtist frétt þess efnis að líkur á gosi færu minnkandi og jarðeðlisfræðingur Veðurstofu Íslands staðfesti það í viðtali. Viðtali sem hann vildi líklega að hann hefði afþakkað, svona eftir á að hyggja, enda voru gárungarnir duglegir að endurbirta fleyg orð hans: „Á síður von á eldgosi.“

En það var auðvitað sama hvað fjölmiðlafólk herjaði á yfirkeyrða sérfræðingana til að fá þá til að gefa upp líkur á gosi eða áframhaldandi jarðhræringum, þeir höfðu engin ákveðin svör, aðeins menntaðar getgátur. Því þrátt fyrir allt er ómögulegt að spá fyrir um slíkt með einhverri vissu. Við krefjumst hins vegar nýrra frétta með reglulegu millibili og endurhlöðum vefmiðla um leið og við finnum jörðina undir okkur titra svo fréttamenn hafa reynt að samræma jarðfræðilegan tímaskala við kröfuna um nýjar upplýsingar strax.

Þjóðarsálin engist fram og til baka, við þráum umræðu um eitthvað annað en heimsfaraldur; erum spennt fyrir tilslökunum sóttvarnayfirvalda um leið og við finnum kvíða yfir fjölgandi smittilfellum og opnun landamæra læsast um okkur. Við vitum varla lengur hver við erum, enda á undarlegan hátt ekki fyllilega við stjórnvölinn í okkar eigin lífi. Forráðaaðilar okkar, móðir náttúra og þríeykið, halda þar fast um taumana og við sveiflumst með.

Að því sögðu þá var liðin helgi hressandi. COVID-umræðan lét rækilega í minni pokann fyrir stórfenglegum eldsumbrotum sem þó eru svo lítil að tilbreytingasvelt þjóðin hætti sér upp að þeim, grillaði sér jafnvel pylsur, steikti sér egg og tók sjóðheitar sjálfur til birtingar á samfélagsmiðlum.

Þeir sem heima sátu hneyksluðust margir hverjir á óðagotinu og óráðsíunni og enn aðrir hneyksluðust á þeim sem hneyksluðust. En, eins ótrúlegt og það kann að hljóma, þá hefði mátt hnykkja á nokkrum staðreyndum milli frétta af hugsanlegu gosi: Því að ekki sé ráðlegt að ganga of nærri eldgosi vegna bruna- og gashættu. Því að ekki sé ráðlegt að ganga á fjöll á Íslandi í mars nema vera vel búinn. Og að lokum að fólki hættir til að villast á fjöllum.

Rétt eins og margir vonuðu fengum við eldgos, lítið og túristavænt gos sem lítil hætta stafar af en gleður augað.

Nú vantar bara að bólusetning heimsbyggðarinnar gangi sem hraðast svo nýta megi gosið sem aðdráttarafl fyrir ferðaþyrsta náttúruunnendur.

Áfram veginn!

> **Forráðaaðilar okkar, móðir náttúra og þríeykið, halda þar fast um taumana og við sveiflumst með.**



FRÉTTAVAKTIN
kl. 18.30
Fréttaumfjöllun fyrir alla.
í opinni dagskrá á virkum dögum
á Hringbraut og frettabladid.is
HRINGBRAUT

## Halldór




## Frá degi til dags

**Gönuhlaup í gosi**

**Mars er að festa sig í sessi sem mánuður eldsumbrota á Íslandi. Eldgos hófst á Fimmvörðuhálsi laust fyrir miðnætti 20. mars 2010 og nú, ellefu árum síðar, byrjaði að gjósa við Fagradalsfjall að kveldi 19. mars. Þessi eldsumbrot virðast hafa svipað aðdráttarafl þótt það síðara sé með minnsta móti og þyki mun krúttlegra. Breytir því ekki að fólk hefur rokið illa búið á vettvang. Rétt eins og við Fimmvörðuháls 2010 en þá sá Jónas heitinn Kristjánsson ástæðu til þess að tukta mannskapinn til þegar hann spurði í bloggi sínu hvar í heiminum fólk héldi að „girða þurfi hraunstraum, svo að fólk hlaupi ekki út í hann?“**

**Fljótandi hættustig**

**Jónas svaraði sjálfum sér þegar hann benti á að frægar væru orðnar „fréttir af fólki, sem hleypur upp á Fimmvörðuháls í partí-fötunum sínum og er bjargað frá dauða af völdum kals.“ Gísli Ásgeirsson þýðandi brást í bundnu máli á Facebook við bægslagangi samborgara sinna við hraunstrauminn í Geldingadal um helgina og dró hugarástandið saman mun knappar en Jónas orti í óbundnu máli 31. mars 2010:**

*Um hamfaranna hættustig*
*höfum margt að segja*
*en til að allir átti sig*
*einhver þarf að deyja.*

**toti@frettabladid.is**

# Góð saga



Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra

Við stöndum í einni dýpstu kreppu í heila öld. Síðustu mánuði hafa tugir milljarða runnið í að styðja við þúsundir einstaklinga og fyrirtækja. Á sama tíma og tekjur ríkisins hafa hrunið og útgjöld aukist höfum við lækkað skatta á fólk og fyrirtæki, með tilheyrandi halla á ríkissjóði.

Þó þetta samspil kunni að koma spánskt fyrir sjónir er hallinn ekki tapað fé.

Í gær, rúmu ári eftir að aldan skall á, kynntum við fjármálaáætlun til næstu fimm ára. Þar birtist skýr saga til vitnis um að viðbrögðin voru rétt.

Innlend framleiðsla og þjónusta gengur vel og þrátt fyrir allt sem á undan er gengið jukust ráðstöfunartekjur heimilanna í fyrra. Okkur tókst það sem lagt var upp með; að standa með heimilunum og halda lífsneistanum í fyrirtækjum.

Auk kraftsins í íslensku þjóðinni má nefna tvær ástæður þess hve vel hefur gengið. Traustur grunnur og trúverðug áætlun.

Við bjuggum að skynsemi í ríkisrekstrinum síðustu ár og gátum brugðist við af krafti. Við lögðum fljótt upp skýra og raunhæfa áætlun, sem endurspeglast meðal annars í betri lánakjörum íslenska ríkisins en áður hafa sést.

Hins vegar er mikilvægt að lántökur séu ekki upphaf og endir alls, eins og sumir boða. Lán þarf að endurgreiða og vextir geta hækkað. Áætlunin nú gerir ráð fyrir mun minni skuldsetningu og 135 milljörðum betri afkomu ríkissjóðs árin 2020-2025 en útlit var fyrir í fyrra. Vart þarf að nefna hve miklu slíkar upphæðir skipta fyrir íslensku þjóðina.

Stærsta verkefnið fram undan er að vinna bug á atvinnuleysinu. Það gengur best með öflugu atvinnulífi sem getur staðið á eigin fótum. Við ætlum að tryggja fyrirtækjum súrefni og komast sem fyrst úr umhverfi takmarkana og ríkisstyrkja.

Það styttist í tíma uppbyggingar og sterkara Íslands. Við höfum góða sögu að segja og næstu kaflar verða enn betri.

> **Stærsta verkefnið fram undan er að vinna bug á atvinnuleysinu.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Heimaskítsmát ritstjóra?



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður og stjórnmálarýnir

Ritstjóri Markaðarins hjá Fréttablaðinu rýnir stundum í innlend efnahagsmál að því er virðist af nokkurri þekkingu og skynsemi.

Hvað varðar alþjóðleg stjórnmál – alþjóðleg samskipti og viðskipti –, nú sérstaklega á sviði COVID-bóluefnamála, gildir það því miður ekki.

Ritstjórinn skrifar leiðara í Fréttablaðið 19. marz. Titillinn er „Klúðrið“. Niðurlag leiðarans er „Bólusetningarklúður stjórnvalda, sem er einkum á ábyrgð heilbrigðisráðherra, eru afglöp af áður óþekktri stærðargráðu“.

Djúpt í árinni tekið það.

Að öðru leyti gengur leiðarinn mikið út á það, að reyna að hnýta í ESB og þeirra framlag til bóluefnaþróunar, framleiðslu og dreifingar.

Í fararbroddi í slíkum ESB-áróðri – klisjum og rangfærslum – er reyndar annar ritstjóri. Situr sá í Hádegismóum, og er óumdeildur leiðtogi ESB-hælbíta. Ritstjóri Markaðarins var þar í læri í nokkur ár, og virðist engu hafa gleymt.

Það er rétt að koma nú að því, sem satt er og rétt í ESB COVID-bóluefnamálum.

Strax í maí/júní í fyrra, þegar mynd var að komast á COVID-faraldurinn, fjárfesti ESB tveimur milljörðum evra, 320 milljörðum króna, í að styðja við þróun bóluefnis hjá 6 þróunarfyrirtækjum og framleiðendum, jafnframt því, sem sambandið tryggði sér, með þessari stórfelldu fyrir fram fjármögnun, hagstætt verð og forgangsafgreiðslu bóluefnis hjá nefndum aðilum.

Tryggði sambandið sér á þennan hátt afhendingu 1,3 milljarða bóluefnisskammta, fyrir aðildarríkin 27, á lægsta mögulegu verði og með mestum mögulegum hraða.

Þar sem þetta verkefni var unnið með fjármunum aðildarríkjanna 27, var ekki heimilt að veita öðrum löndum aðgang að þessum hagstæðu samningum, en vegna velvildar, ekki sízt nýs forseta framkvæmdastjórnar ESB, Ursulu von der Leyen, var sú leið fundin fyrir Ísland og Noreg, að þau fengju líka aðgang að þessum beztu mögulegu lausnum í gegnum kvóta aðildarríkisins Svíþjóðar.

Hér var því um hreint vinarbragð ESB gagnvart Íslandi og Noregi að ræða.

Þetta sá og skildi auðvitað ríkisstjórn Íslands, allir þeir flokkar, sem að henni standa, frá vinstri til hægri, og þáðu þeir þessa lausn og hjálp með þökkum.

Og, allt í einu var ESB orðið fínt fyrir þessu fólki, sem sumt hvert hafði þó legið nokkuð í því, að kasta skít í ESB, að mestu án þessa að vita vel af hverju. Sumir héldu í einfeldni sinni, að þetta væra bara flott, í tízku og tryggði vinsældir, með formann B fremstan í flokki. Hvílík aulatízka!

Ef ESB hefði ekki boðið og veitt Íslandi þetta liðsinni í bóluefnamálum, veit ég ekki, hvar við stæðum. Ég hygg, að við hefðum þá ekki bara staðið eins og titllingur í mýri, heldur eins og titllingur í eyðimörk.

Líta má til frænda okkar Norðmanna. Þeir eru ekki fullgildir aðili að ESB, frekar en við, og ekki bundnir af ráðstöfunum og samkomulagi við ESB. Höfðu og hafa frelsi til allra athafna og aðgerða við útvegun bóluefnis. Þeir eru 5,4 milljónir, ekki 370 þúsundir, eins og við, og ráða fyrir sínum mikla olíuauði. Botnlausir fjármunir til staðar.

Og, þeir hafa reynt allt til að bæta sína stöðu í bóluefnamálum, en útkoman er engin; þeir hafa fleytt sér á ESB-lausninni, eins og við, og standa nú álíka að vígi og við. Gátu á endanum ekkert gert upp á eigin spýtur.

USA, ESB og Bretland drottna yfir þessum bóluefnamarkaði, og hafa neglt hann svo niður, að aðgangur annarra er þar erfiður. Ekki þó að gull og grænir skógar séu í boði.

USA nýtur þess, að þar sitja helztu bóluefnaframleiðendurnir. Stjórnvöld þar hafa stillt þessum framleiðendum upp við vegg með það, að USA gangi fyrir.

Bretar njóta þess að AstraZeneca er þar með mikinn hluta sinnar starfsemi, auk þess, sem Lyfjastofnun Bretlands leyfði notkun bóluefna þar mun fyrr, en Lyfjastofnun Evrópu.

Þannig gátu Bretar farið mun fyrr af stað en Evrópubúar. Hvort varkárni og öryggi hafi verið þar á sama stigi og í Evrópu er ekki vitað.

Í millitíðinni hefur framkvæmdastjórn ESB sett stórfellda viðbótarfjármuni í það, að tryggja ESB-ríkjunum, og þá um leið Íslandi og Noregi, sem mest magn bóluefna sem fyrst, og það er ekki ESB, sem hefur brugðist hér – öðru nær – heldur langur prófunar- og viðurkenningartími Lyfjastofnunar Evrópu og svo afhendingardráttur og vanefndir bóluefnaframleiðenda, hvað varðar gerða samninga og afhendingarskuldbindingar við ESB.

Hélt kannske einhver, að ESB, þá ef til vill framkvæmdastjórnin sjálf, væri með eigin bóluefnaframleiðslu?

Þessi grein byrjaði á tilvitnun í leiðara ritstjóra Markaðarins, og skal henni lokið með sama hætti:

„Þjóðin ætti…að hafa alla burði til að bera sig saman við…Bretland og Bandaríkin“ segir ritstjórinn. M.ö.o. telur hann, að við Íslendingar höfum burði og vægi á alþjóðlegum markaði á við Breta og Bandaríkjamenn.

Ef þetta hefði nú átt að vera brandari, væri það fínt, en svo er greinilega ekki. Málflutningur af þessu tagi og málalok væru í taflmennsku sennilega kölluð heimaskítsmát.



# Nýju höftin Sjálfstæðisflokksins



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
formaður Viðreisnar



**Daði Már Kristófersson**
varaformaður Viðreisnar

Nýju fötin keisarans í ævintýri H. C. Andersen afhjúpuðu hégóma og sjálfsblekkingu. Nýju höftin Sjálfstæðisflokksins í frumvarpi, sem fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi, afhjúpa líka hégóma og sjálfsblekkingu um krónuna.

Frumvarp fjármálaráðherra felur í sér að auk þjóðhagsvarúðartækja fái Seðlabankinn og fjármálaráðherra vald til þess að skella á jafn umfangsmiklum fjármagnshöftum og giltu eftir hrun krónunnar og fall bankanna 2008.

Valdframsalið gerir ekki einu sinni ráð fyrir neinni pólitískri umræðu um svo viðamiklar og afdrifaríkar ákvarðanir. Um þær á einfaldlega að véla í lokuðum herbergjum.

**Varanlegt vantraust á gjaldmiðlinum**

Sennilega er þetta í fyrsta skipti sem stjórnmálaflokkur hefur kosningabaráttu með svona afgerandi uppgjafaryfirlýsingu.

Fastheldni við krónuna og andstaða við hvers kyns alþjóðlegt samstarf í gjaldmiðilsmálum hefur verið hornsteinn í efnahagsstefnu Sjálfstæðisflokksins síðustu ár. Nú koma hins vegar talsmenn hans og segja að krónan gangi ekki upp nema Seðlabankinn og fjármálaráðherra fái varanlega víðtækustu haftaheimildir sem þekkjast á Vesturlöndum.

Þessi aðgerð felur ekki í sér tímabundnar aðgerðir eins og eftir hrun. Það er verið að framselja Seðlabankanum og fjármálaráðherra varanleg og viðvarandi haftavöld í gjaldeyrismálum. Ástæðan er sem sagt ekki stundarerfiðleikar heldur varanlegt vantraust á gjaldmiðlinum.

**Aðrar leiðir eru færar**

Það vill svo til að Viðreisn er sammála þessu nýja mati Sjálfstæðisflokksins á krónunni. Svo lengi sem við höldum krónunni eru gjaldeyrishaftaáform fjármálaráðherra óhjákvæmileg.

Ástæðan fyrir þeim grundvallarágreiningi, sem ríkir milli Viðreisnar og Sjálfstæðisflokksins, liggur í hinu að við þurfum ekki að þrengja að samkeppnisstöðu landsins með þessum hætti. Okkur eru aðrar leiðir færar. Því hafnar Sjálfstæðisflokkurinn.

Það eru sérstök skilaboð til ferðaþjónustunnar og þekkingariðnaðarins að hóta nú gjaldeyrishöftum þegar mest á ríður að auðvelda þessum greinum að hlaupa hraðar. Meðal annars með því að laða að erlenda fjárfestingu.

**Alþjóðlegt samstarf óhjákvæmilegt**

Við höfum sýnt fram á að það myndi þjóna best samkeppnisstöðu landsins að taka upp evru með aðild að evrópska myntbandalaginu og Evrópusambandinu. Kreppan kallar hins vegar á skjótvirkari lausnir.

Guðmundur Magnússon fyrrverandi háskólarektor og Stefán Már Stefánsson fyrrverandi lagaprófessor hafa í greinum sýnt fram á að Íslandi á að standa opin leið að semja við Evrópusambandið um samstarf til þess að tryggja stöðugleika á innri markaðnum, sem við eigum aðild að. Við höfum lagt til að þessi leið verði farin.

Í ljós hefur komið að kreppan er ekki eins mikil og menn héldu í fyrstu. Það er engin gjaldeyriskreppa eins og 2008. Bankarnir blómstra. Sóknarfærin bíða. Samt þarf að lögfesta haftaheimildir.

**Eigum ekki að hlaupa í öfuga átt**

Ástæðurnar fyrir því blasa við:

Við erum eina þjóðin á Vesturlöndum þar sem veirufaraldurinn hefur leitt til aukinnar verðbólgu. Hér hefur verðbólguþakið verið sprengt og atvinnuleysi aldrei verið meira. Þrátt fyrir sérsniðna krónu.

**Valdframsalið gerir ekki einu sinni ráð fyrir neinni pólitískri umræðu um svo viðamiklar og afdrifaríkar ákvarðanir. Um þær á einfaldlega að véla í lokuðum herbergjum.**

Ríkisstjórnin fær ekki innlend lán á viðráðanlegum kjörum eins og hún stefndi að í fyrra. Þess í stað eru tekin erlend lán með mikilli gengisáhættu, sem skattborgararnir ábyrgjast.

Seðlabankinn hefur ekki getað staðið við fyrirheit sín um innlenda lánsfjáröflun fyrir ríkissjóð og lýsir nú áhyggjum yfir því að útgjaldaáform ríkisstjórnarinnar séu of mikil. Og menn óttast vaxtahækkun.

Samtök atvinnulífsins segja að fjármála- og efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar sýni að væntanlegur hagvöxtur verði of lítill til að standa undir lánum ríkissjóðs og því þurfi að skera niður eða hækka skatta.

Þegar málum er þannig komið sér Sjálfstæðisflokkurinn það eitt til ráða að fá Alþingi til að framselja seðlabankastjóra og fjármálaráðherra ótakmarkað vald til þess að beita gjaldeyrishöftum.

Þetta heitir ekki að hlaupa hraðar. Þetta er að hlaupa í öfuga átt.

**Lífeyrisþegar í mestri hættu**

Skaðsemi gjaldeyrishafta er margvísleg. Heimildirnar einar hræða erlenda fjárfesta. Beiting þeirra veikir samkeppnishæfni Íslands. Hún leiðir óhjákvæmilega til mismununar. Afleiðingin er spilling. Þeir sem telja sig hagnast á henni gleðjast hins vegar.

Ein mesta hættan felst þó í því að Seðlabankinn og fjármálaráðherra muni nota haftaheimildirnar til þess að loka lífeyrissjóðina af í hagkerfi sem þeir eru löngu vaxnir upp úr. Á sama tíma er Seðlabankinn að þrýsta á fjármálaráðherra að afnema ávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna, sem er eina haldreipi sjóðfélaganna.

Þróist mál á þennan veg verða lífeyrissjóðirnir að lána ríkissjóði á vöxtum sem verða til muna lægri en hagvöxturinn. Þar með geta þeir ekki tryggt sjóðfélögunum óskertan lífeyri í framtíðinni. Þetta þýðir að í stað almennra skattahækkana eða niðurskurðar eins og Samtök atvinnulífsins spá verða lífeyrisþegar látnir bera baggana.

**Raunsæi í stað sjálfsblekkingar**

Hér þarf öfluga viðspyrnu. Nýja hugsun. Við þurfum strax að leita eftir alþjóðlegu samstarfi til að tryggja stöðugleika gjaldmiðilsins. Sjálfsblekkingin má ekki ráða för. Við þurfum raunsæi til þess að auðvelda ferðaþjónustu og þekkingariðnaði að hlaupa hraðar en ekki síður verja hagsmuni lífeyrisþega.

# 10 þúsund tonn af laxi, gjörið þið svo vel



**Þóra Bergný Guðmundsdóttir**
arkitekt og hótelhaldari

Það kom algjörlega flatt upp á íbúa Seyðisfjarðarkaupstaðar rétt fyrir hamfarirnar í desember að til stæði að dengja 10 þúsund tonna laxeldi í fjörðinn.

Ráðist var í undirskriftasöfnun þar sem 55% íbúa lögðust alfarið gegn þessum áformum.

Ástæður þessarar eindrægni voru margvíslegar en þessar helstar:

a) Óttinn við að sjókvíaeldið ógnaði lífríki fjarðarins.
b) Áhyggjur af íslenska laxastofninum.
c) Að ásýnd fjarðarins bæri skaða af starfseminni.
d) Að markviss uppbygging kaupstaðarins sem áfangastaðar ferðamanna biði hnekki.
e) Fullkomið samráðsleysi fyrirtækisins við bæjaryfirvöld, við íbúa og aðra hagsmunaaðila er málið varða.
f) Að fyrirtækið túlki óskýra hafnarlöggjöf þannig að þar til bær hafnaryfirvöld hafi ekkert með skipulag hafnarinnar að gera.

**Eignarhaldið og auðlindin**

Hafið umhverfis Ísland er auðlind, sem Íslendingar hafa barist fyrir í þremur þorskastríðum með þeim árangri að þjóðin hefur yfirráð yfir 200 mílna landhelgi.

Þrátt fyrir óheillavænlega samþjöppun í íslenskum sjávarútvegi, hefur sú regla þó gilt að fyrirtækin í greininni eru í eigu Íslendinga.

Það skýtur því skökku við að fyrirtæki í meirihlutaeigu norskra milljarðamæringa, geti helgað sér hvern fjörðinn á fætur öðrum og farið þar öllu sínu fram nánast án endurgjalds. Þetta hlýtur að koma Norðmönnum þægilega á óvart, þar sem í Noregi þarf að greiða því sem nemur 3,3 milljónum íslenskra króna á hvert tonn af eldisrými auk þess sem takmörkuð auðlind norskra fjarða er svo til uppurinn.

Enda gerðust þau undur í norsku kauphöllinni að hlutabréfin í Fiskeldi Austfjarða hækkuðu úr 21 milljarði í 38 milljarða þegar tilkynnt var að norski aðaleigandi Laxa Fiskeldis á Reyðarfirði hefði keypt út norska aðaleiganda að Fiskeldi Austfjarða, það er nokkuð ljóst í þessu tilfelli liggur virðisaukningin í svo til ókeypis eldisrýmum á Íslandi.

**Fiskeldi í opnum sjókvíum barn síns tíma**

Eins og að kynna nýja Kodakfilmufabrikku til sögunnar í upphafi snjallsímaaldar. Einhvern veginn þannig orðaði skýr maður þá tímaskekkju sem laxeldi inn á fjörðum í opnum sjókvíum er.

Kemur þar margt til:

a. Iðnaðurinn er mjög mengandi.
b. Iðulega langt frá markaði með dýrum flutnings- og vinnsluleiðum.
c. Andstaða samfélaganna við greinina og minnkandi áhugi á afurðinni.

Víða má sjá viðbrögð greinarinnar við þessum annmörkum.

a. Landeldi mengar síður og er áhættuminna.
b. Eldið er fært nær mörkuðum.
c. Ný tækni sem gerir það fært að flytja laxinn lifandi úr kvíum á sláturstað.
d. Vangaveltur um úthafseldi.

**Arðurinn og atvinnutækifærin**

Því hefur mikið verið flíkað að fiskeldið færi með sér fjölda starfa og skili miklum arði til samfélagsins. Í því sambandi má benda á að fyrirtækin starfa eftir sama skattamódeli og önnur fyrirtæki í erlendri eigu og eru í stöðugri skuld við móðurfélagið og skila því hallarekstri ár eftir ár



Eftirtektarvert var það um daginn þegar hið „stönduga“ fyrirtæki Arnarlax neitaði að greiða uppsett gjöld til bæjarfélagsins og vildi setja sína eigin verðskrá.

Hvað varðar störfin heldur Fiskeldi Austfjarða því fram í frummatsskýrslu að hverjum 1.000 tonnum í sjó fylgi 14 störf (8 í eldi + 4 í úrvinnslu). Þetta jafngilti því að á Fáskrúðsfirði ættu að starfa um 80-100 manns við eldið nú en raunin er að þeir eru eflaust ekki fleiri en 8 til 10, enda væru Norðmenn ekki að koma til Íslands miðað við þessar forsendur þar sem í norskum laxeldisfyrirtækjum starfa að meðaltali 1,6 starfskraftar við hver 1.000 tonn í sjó.

**Aðkoma Múlaþings**

Undirskriftum 55% íbúa Seyðisfjarðar var komið til sveitarstjóra Múlaþings. Þann 8. desember. Í framhaldinu var málefnið rætt í nýrri sveitarstjórn og undirnefndum hennar.

Fljótt varð ljóst að mótbárur Seyðfirðinga voru léttvægar fundnar og aðeins fiskeldisfyrirtækið átti sér málsvara hjá meirihluta Sjálfstæðismanna og Framsóknar í sveitarstjórninni.

Voru það sannarlega vonbrigði þar sem í sameiningarferlinu var því haldið á lofti að hvert byggðarlag í nýju sveitarfélagi fengi að halda sérstöðu sinni og raddir heimamanna skyldu virtar.

**Stofnun félags til verndar fjarðar**

Þegar þetta blasti við var stofnað félagið VÁ sem hafði það eitt á stefnuskrá sinni; að forða firðinum frá þeirri ógn sem heimamenn telja að stafi af fiskeldisáformum.

Félagið hefur leitað til lögfræðinga og komist að því að framgangsmáti Fiskeldis Austfjarða er ekki innan marka laganna. Skáka þeir vafalaust í skjóli valdstjórnarinnar og þess velvilja sem greinin virðist njóta á æðstu stöðum.

Það eru kosningar í haust. Við Seyðfirðingar munum ábyggilega spyrja okkar þingmannsefni hver afstaða þeirra sé til náttúruverndar og auðlindanýtingar og benda þeim á að sjókvíaeldi inni á þröngum fjörðum eins og Seyðisfirði er ekki góður kostur.

**Eru Seyðfirðingar á móti atvinnuuppbyggingu?**

Því hefur verið núið Seyðfirðingum um nasir að þeir séu á móti atvinnuuppbyggingu og það sitji á þeim í kjölfar hrikalegra náttúruhamfara.

Því er til að svara að íbúar bæjarfélagsins hafa fyrr komist í hann krappan og þá tekist á við áskoranir á eigin forsendum.

Má þar til dæmis nefna viðbrögð samfélagsins við bæði heimskreppunni 1930 og síldarmissinum á seinni hluta sjöunda áratugarins.

Nú erum við þar stödd að í bænum hefur verið byggð upp öflug ferðaþjónusta og þar þrífst mergjað menningar- og listalíf. Íbúar eru meðvitaðir um að fleira þarf að koma til en þær leiðir viljum við sjálf finna og ekki vera taglhnýtingar erlends auðvalds og úreltra atvinnugreina.

*Fyrir hönd VÁ!, félags um vernd fjarðar*

# Vatnaskil í norrænu samstarfi



Hrannar Björn Arnarsson
formaður Norræna félagsins á Íslandi

23. mars er dagur Norðurlandanna en til slíks dags var fyrst stofnað af Norrænu félögunum fyrir 85 árum síðan. Þá var ekkert Norðurlandaráð, Norrænt ráðherraráð, sameiginlegur vinnumarkaður, norrænir menningar- og rannsóknasjóðir eða norræn menningarhús. Þá var norrænt samstarf lítið annað en hugsjón ört vaxandi hreyfingar fólks og um þá hugmynd var harkalega deilt. Í dag efast enginn um mikilvægi norræns samstarf og fáar pólitískar hugmyndir njóta eins víðtæks stuðnings á Norðurlöndum. Við tökum norrænu samstarfi nánast sem gefnu.

En nú er komið að vatnaskilum. Í gleðinni yfir öllu því árangursríka samstarfi sem fer fram hefur okkur borið af leið og undanfarna áratugi hefur skipulega verið dregið úr mikilvægi samstarfsins með hlutfallslega lægri framlögum til samstarfsverkefna og sameiginlegra stofnana. Nú er svo komið að umfang þeirra fjölbreyttu samstarfsverkefna sem heyra undir Norræna ráðherraráðið – flaggskip norrænnar samvinnu í 50 ár, er aðeins um helmingur þess sem það var fyrir 25 árum.

Í kórónaveirufaraldrinum og viðbrögðum Norðurlandanna við flóttamannastraumi liðinna ára hafa einnig komið fram alvarlegri brestir í samstarfi landanna. Landamærum hefur verið lokað og verulega skortir á samvinnu. Þungamiðja norræns samstarf á liðnum árum hefur ekki síst verið á sviði fræðastarfs og menningarmála. Til að fjármagna nýja framtíðarsýn um sjálfbær og samþætt Norðurlönd hefur nú verið boðaður stórfelldur niðurskurður á framlögum til þessara mikilvægu málaflokka.

Ef við viljum efla og styrkja norrænt samstarf krefjast aðstæður í samtímanum róttækra breytinga og aukins fjármagns. Norrænt samstarf þarf nýja stjórnarskrá, nýjan samstarfssáttmála sem tryggir skilvirkari samvinnu, bætt lífsgæði og aukinn slagkraft Norðurlandanna til að takast á við þau stóru verkefni sem bíða.

Og norrænt samstarf þarf aukið fjármagn til að raungera framtíðarsýnina um sjálfbærasta og samþættasta svæði heimsins. Þeim markmiðum verður aldrei náð með stórfelldum niðurskurði í menningarmálum og fræðastarfi. Þau mikilvægu verkefni þarf að verja og samhliða sækja fram á nýjum sviðum.

Þannig og aðeins þannig getum við aukið norrænt samstarf og snúið af braut hnignunar. Slík stefnubreyting um meira norrænt samstarf yrði okkur öllum til heilla.

Ársfundur 2021

Ársfundur lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn í dag, 23. mars, kl. 18:00 á Grand Hótel Reykjavík. Vegna sóttvarnaregIna stjórnvalda eru sæti í fundarsal takmörkuð.

Fundurinn verður einnig rafrænn, nánari upplýsingar eru birtar á vef sjóðsins.

**Dagskrá fundarins**
- Venjuleg ársfundarstörf skv. grein 6.6 í samþykktum sjóðsins
- Önnur mál

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

**Lífeyrissjóður verzlunarmanna**
— live.is

ÁRSFUNDUR 2021

Gerum heiminn grænan saman

Í streymi þriðjudag 23. mars kl. 14

Hlekkur á streymið á landsvirkjun.is



Landsvirkjun

## Stelpurnar mæta Slóvenum í umspili

**HANDBOLTI** Stelpurnar okkar í handboltalandsliðinu mæta Slóveníu í umspili upp á sæti á HM. Þetta varð ljóst eftir að dregið var í umspilið í gær en með sigri kemst Ísland í lokakeppni HM sem fer fram á Spáni síðar á þessu ári. Fyrri leikurinn fer fram ytra um miðjan apríl og seinni leikurinn á Íslandi fjórum dögum síðar.

Þetta er önnur undankeppnin í röð þar sem Ísland kemst í umspilið. Síðast komst Ísland ekki áfram en takist því að vinna Slóvena tekst Stelpunum okkar að komast á sitt fyrsta stórmót í níu ár. – **kpt**








Hlynur bætti Íslandsmetið um fjórar mínútur í Þýskalandi en það dugði ekki til fyrir ÓL-lágmarkið. MYND/AÐSEND

# Súrsæt tilfinning að sjá tímann í lok hlaups

**Hlynur Andrésson segir það hafa verið súrsæta tilfinningu að sjá tímann í sínu fyrsta maraþonhlaupi. Það hafi verið gott að vita hversu hratt hann geti hlaupið en súrt að hafa ekki náð Ólympíulágmarkinu sem var innan seilingar.**

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Hlauparinn Hlynur Andrésson bætti um nýliðna helgi Íslandsmetið í maraþoni þegar hann hljóp á tímanum 2:13:37 í Dresden í Þýskalandi. Hlynur freistaði þess að hlaupa undir Ólympíulágmarki, sem er 2:11:30, í þessu fyrsta maraþonhlaupi sínu. Hlynur var þarna að bæta Íslandsmet Kára Steins Karlssonar frá árinu 2011, sem var 2:17:12.

Með þessu meti eru Íslandsmet Hlyns utanhúss nú orðin sjö frá vegalengdunum 3.000 metrum til heils maraþons, sem er 42 kílómetrar. Fram undan hjá honum er að freista þess að komast á Ólympíuleikana, hann líti helst til þess að komast inn á leikana í 10.000 metra hlaupi.

„Það var súrsæt tilfinning sem ég fann fyrir þegar ég kom í mark og frétti hver tíminn varð. Það var gott að vita af því að ég gæti hlaupið á jafn góðum tíma og ég gerði en á sama tíma fannst mér ég geta hafa gert enn betur. Ég tel að ég hafi líkamlega hæfileika til þess að hlaupa á undir 2:10,00 og þar af leiðandi ná Ólympíulágmarki,“ segir Hlynur um hlaupið í Dresden um helgina.

> **Ég tel að ég hafi líkamlega hæfileika til að hlaupa á undir 2:10,00 og þar af leiðandi ná Ólympíulágmarki.**
>
> Hlynur Andrésson, hlaupari

„Mér leið mjög vel fyrstu 30 kílómetrana og ég hélt á þeim tímapunkti að ég myndi ná Ólympíulágmarkinu. Svo hættu hérarnir að hlaupa, ég lenti á vegg líkamlega og aðstæður voru nokkuð erfiðar vegna þó nokkurs vinds.

Af þeim sökum hægðist á mér og því fór sem fór. Það er hins vegar klárt mál að ég mun halda áfram að hlaupa maraþonhlaup og freista þess að bæta tíma minn þar. Ég mun hins vegar ekki hlaupa fleiri maraþonhlaup fyrir Ólympíuleikana í Tókýó í ágúst,“ segir hann enn fremur um áform sín hvað maraþonhlaup varðar.

„Nú tekur við tveggja vikna frí frá æfingum þar sem ég ætla að nýta tímann og koma heim til þess að heimsækja vini og fjölskylduna. Þar á eftir mun ég svo setja upp plan með þjálfaranum mínum fyrir hlaupasumarið.

Það mun litast af því að ég ætla að leggja áherslu á að komast á Ólympíuleikana í 10.000 metra hlaupi. Það verður klárlega mjög erfitt þar sem kröfurnar til þess að komast inn á leikana eru orðnar mun meira en þær voru en ég ætla samt að reyna. Næsta stóra mótið er 10.000 metra hlaup á Evrópubikarmótinu í Birmingham í byrjun júní,“ segir hlauparinn um framhaldið.

**hjorvaro@frettabladid.is**

## Sögulegur samningur á Englandi

**FÓTBOLTI** Í gær bárust fréttir um að BBC og SkySports hefðu keypt útsendingarréttinn á ensku ofurdeildinni í knattspyrnu kvenna til næstu þriggja ára. Virði samningsins er talið vera um það bil 24 milljónir punda, sem gerir hann að stærsta samningi fyrir kvennadeild í knattspyrnu sem gerður hefur verið.

Af þeirri upphæð sem greitt er fyrir útsendingarréttinn renna 75 prósent til ensku ofurdeildarinnar og 25 prósent í ensku B-deildina. Þá mun einhver hluti verða notaður til þess að byggja upp innviði kvennaknattspyrnunnar á Englandi. Samningurinn tekur gildi fyrir næsta keppnistímabil.

Með því verða að minnsta kosti 57 leikir á hverju tímabili sýndir í sjónvarpinu. Þeir leikir sem ekki verða sýndir hjá rétthöfunum verða sýndir í streymi á vef enska knattspyrnusambandsins.

Dagný Brynjarsdóttir leikur með West Ham United sem situr á botni deildarinnar og norska landsliðskonan María Þórisdóttir leikur með Manchester United. Dagný og María mætast á Old Trafford um helgina en það verður í fyrsta skipti sem kvennalið United leikur þar.

> **Þetta var í fyrsta sinn sem útsendingarrétturinn á kvennadeildinni á Englandi var seldur einn og sér.**

Enska ofurdeildin var sett á laggirnar árið 2011 en þá var um að ræða átta liða deild sem spiluð var sem sumardeild. Árið 2014 var svo bætt við B-deild og í lok þess árs var ofurdeildin gerð að tíu liða deild. Árið 2016 var svo ofurdeildin gerð að heilsársdeild og fyrir keppnistímabilið 2018 til 2019 var deildin orðin að atvinnumannadeild og vísir að leyfiskerfi varð til. Manchester United og Tottenham Hotspur mættu til leiks í ofurdeildina tímabilið 2019 til 2020 og liðin í deildinni eru orðin tólf. – **hó**

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**ÞRIÐJUDAGUR** 23. mars 2021






**Ólafur og Marta krónprinspar í þáttunum ásamt forseta Bandaríkjanna.**

## Sannleikurinn um Mörtu og Roosevelt

Trúlega hafa margir velt því fyrir sér sem horfðu á krónprinsessu Mörtu í þáttunum Atlantic Crossing hvort sagan væri sannleikanum samkvæm. Reyndar eru þættirnir blanda af skáldskap og veruleika. Marta og þrjú börn hennar voru send í útlegð til Washington DC í Bandaríkjunum þeim til verndar í síðari heimsstyrjöldinni. Yngsta barnið, Haraldur, er núverandi konungur Noregs. Á Ameríkuárunum var mjög gott og náið samband milli Mörtu og Franklins D. Roosevelt forseta.

**Vörðu miklum tíma saman**

„Þau voru góðir vinir í raun og veru en hitt er skáldskapur," segir höfundurinn. „Við vitum að forsetinn bar rómantískar tilfinningar til Mörtu en það þýðir ekki að þau hafi átt í líkamlegu sambandi." Höfundurinn vísar í nokkrar bækur sem segja að forsetinn hafi heillast af prinsessunni og að hún hafi daðrað við hann. Sagnfræðingurinn Trond Norén Isaksen segist hafa fyrir því heimildir að þau hafi eytt samtals 248 dögum saman á árunum 1940-1945. „Það eru bara forsetinn og prinsessan sem vita sannleikann um þetta mál," segir höfundurinn.

Löngun Mörtu til að snúa aftur heim til Noregs er skjalfest. Tekið var á móti henni 7. júní 1945 með fagnaðarlátum að viðstöddu miklu fjölmenni. Náið samband Mörtu krónprinsessu og Roosevelts forseta er sagt hafa haft mikil áhrif á stjórnmálastefnu Bandaríkjanna í síðari heimsstyrjöldinni.

elin@frettabladid.is






**Innréttingar & Tæki er gamalgróið fjölskyldufyrirtæki en Íris Jensen og Grétar Þór eiginmaður hennar tóku við rekstrinum árið 2014.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Notagildi og glæsileg hönnun

Innréttingar & Tæki í Ármúla bjóða upp á mikið úrval hreinlætistækja og innréttinga fyrir baðherbergi. Lagður er metnaður í vandaðar vörur og persónulega þjónustu. 2

Innréttingar & Tæki er gamalgróið fjölskyldufyrirtæki stofnað árið 1945 af ömmu núverandi framkvæmdastjóra, Írisar Jensen. Í upphafi var fyrirtækið heildverslun en því var svo breytt í verslun af foreldrum Írisar.

„Við höfum alla tíð lagt áherslu á að bjóða upp á vandaðar vörur og góða þjónustu,“ segir Íris sem tók við rekstri fyrirtækisins ásamt manninum sínum, Grétari Þór, árið 2014.

„Við bjóðum upp á glæsilegar innréttingar, hreinlætistæki, speglaskápa, handklæðaofna og blöndunartæki. Við erum í raun með allt fyrir baðherbergið nema vegg- og gólfefni. Við viljum vera sérvöruverslun, en ekki þessi dæmigerða byggingarvöruverslun,“ segir Íris.

Blöndunartækin í Innréttingum & Tækjum koma frá Fima Carlo Frattini, ítölsku fyrirtæki sem sérhæfir sig í umhverfisvænni gæðaframleiðslu. Hreinlætistækin eru að mestu frá Gala sem er spænskt fyrirtæki, stofnað 1965.

„Galileo eru ný eldhúsblöndunartæki frá Fima Carlo Frattini sem runnin eru undan rifjum Bertone Design. Þetta er glæsileg hönnun en Bertone design hefur meðal annars komið að hönnun Lamborghini bílanna. Galileo blöndunartækin sameina fjölbreytt notagildi og glæsilega hönnun. Nýstárlegt útlitið er innblásið af lögun sjónauka Galileo Galilei, en þaðan kemur nafnið,“ útskýrir Íris.

„Við höfum verið framarlega á merinni í því að bjóða upp á hvort heldur sem er svört og mött blöndunartæki, eða glansandi brons- eða gulllituð. Það þarf ekki endilega að skipta út öllu í einu, handlauginni, baðkarinu og klósettinu, þótt þú fáir þér ný blöndunartæki. Munurinn kemur líka skemmtilega á óvart.“

**Hentar stórum og litlum rýmum**

Íris segir algengt meðal ungs fólks að taka baðherbergið í gegn þegar það flytur í sína fyrstu íbúð.

„Sumir vilja skipta út baðkari fyrir sturtu en aðra vantar skápapláss til að geyma ýmislegt baðdót, eins og snyrti- og hreinlætisvörur. Svo er fólk oft að breyta þannig að það geti komið þvottavél inn í rýmið,“ segir hún.

Innréttingarnar hjá Innréttingum & Tækjum eru í mismunandi stærðum og henta flestum baðherbergjum, hvort sem þau eru lítil eða stór. Íris segir skápana vera góðar hirslur og notadrjúgar en speglaskápar með ljósi hafa verið vinsælir.

„Það er ótrúlegt hversu rúmgóðar skúffurnar eru í vaskskápunum þótt ekki fari mikið fyrir þeim. Þá er verðið einnig mjög hagstætt. Við erum með 60 til 120 cm breidd á skápum og bjóðum upp á mismunandi dýptir sem henta vel í minni rýmum,“ segir hún.

Íris segir að hvítar innréttingar séu vinsælastar um þessar mundir en einnig er hægt að fá þær gráar eða í viðarlitum. „Í minni baðherbergjum velur fólk yfirleitt baðkar ef börn eru á heimilinu. Við erum með fjölbreytt úrval sem hæfir smekk hvers og eins. Það er þægilegra að baða börnin í baðkari en sturtu. Hins vegar er hægt að setja upp sturtu í baðkarinu og við erum með glerskilrúm til að koma í veg fyrir að vatn leki út á gólf. Síðan erum við með alls konar sturtubotna og lausnir fyrir þá sem velja sturtu fram yfir baðkarið.“

**Einfalt að skipta úr baðkari**

Sturtubotnarnir frá spænska merkinu Gala eru sívinsælir enda sameinast þar gæði og fagurfræði í einni heilli flís. Botnarnir eru afar sterkbyggðir og endingargóðir úr granít/stonex/resinefni sem er borið stamri gelkvoðu sem gerir botninn að stöðugu undirlagi. Þeir koma einnig með innbyggðum halla sem einfaldar uppsetningu til muna.

„Þessir sturtubotnar seljast eins og heitar lummur. Þetta á sér nú allt eðlilegar skýringar. Það er gott að vera með baðkar þegar krakkarnir eru ungir, en þegar börnin eldast og fjölskyldumeðlimir fara að keppast um baðherbergið á morgnana, þá er sturtan mun betri kostur. Það er sáraeinfalt að skipta út baðkarinu, fyrir stóran sturtubotn og gler. Þá ertu kominn með æðislega „walk-in“ sturtu með lítilli fyrirhöfn,“ segir Íris.



Hjá Innréttingum & Tækjum fæst nánast allt fyrir baðherbergið. MYND/AÐSEND



Hönnunin á Galileo, nýju eldhúsblöndunartækjunum frá Fima Carlo Frattini er innblásin af sjónauka Galileo Galilei. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Salernin og handlaugarnar frá ítalska fyrirtækinu GLOBO koma í mörgum skemmtilegum og óhefðbundnum litum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Galileo blöndunartækin fást nokkrum litum, til dæmis þessum rauða. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Í versluninni eru glæsilegar innréttingar, hreinlætistæki, speglaskápar, handklæðaofnar og blöndunartæki. Verslunin býður upp á fjölbreytta liti, bæði hefðbundna klassíska liti og óhefðbundnari liti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Litríkar vörur**

Hjá Innréttingum & Tækjum fást vörur frá ítalska fyrirtækinu Globo. Globo framleiðir meðal annars skemmtileg, lituð salerni, sem Íris segir að viðskiptavinirnir hafi sýnt mikinn áhuga.

„Það er til dæmis hægt að fá svört, blá, bleik og grá salerni frá þeim. Þessir litir eru dálítið öðruvísi,“ segir Íris. „Fólki finnst þetta rosalega flott. Margir koma og kaupa svart. Svo eru sumir sem staldra við, langar í salerni í lit en enda á að kaupa matt, hvítt salerni sem er líka mjög vinsælt.

Núna í byrjun vormánaða eru svo spennandi tímar hjá okkur en þá kemur ný lína af baðherbergisinnréttingum og litirnir eru sexí og seiðandi,“ segir Íris og hlær. „Þetta eru dökkar einingar og líka grindur með handlaug í. Þær eru svipaðar og voru hér einu sinni frá árinu 1993, þær voru mjög vinsælar en núna eru núna komnar aftur í nútímalegri stíl.“

**Allt er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf.
**Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# Þakrennur og niðurföll

KYNNINGARBLAÐ
**ÞRIÐJUDAGUR** 23. mars 2021
**Kynningar:** Blikkás ehf., Húsasmiðjan ehf., Múrbúðin ehf., Hagblikk.



**Rúnar Guðmundsson hjá Blikkási-Funa segir að ekki skuli vanmeta góð frárennsliskerfi þaks af því jafnvel létt sumarrigning geti skapað mikið magn af vatni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Plannja þakrennukerfi er úr hágæðastáli og hentar mjög vel fyrir íslenskt veður

Plannja framleiðir vörur sem þola hart loftslag norðursins. Stílhrein og endingargóð þök og þakrennukerfi, öflugar snjóvarnir og allt annað sem heimilið þarf til að takast á við ár eftir ár af vindi, rigningu, snjó eða sól. 2



Þakrennurnar koma í ákveðnum lengdum og eru styttar á staðnum.



Þakrennurnar og fylgihlutir frá Plannja eru framleidd úr hágæða stáli.



Mikil eftirspurn er eftir Trend þakefninu. Þegar búið er að skrúfa niður eina plötu er næstu plötu smellt yfir svo ekki sést í festingarnar. MYNDIR/AÐSENDAR



Rúnar er hér fyrir framan Trend þakplöturnar sem fást í tveimur breiddum, 275 mm og 475 mm. Lengdirnar eru sérsniðnar fyrir hvert þak fyrir sig eftir málum og lítið mál er að blanda breiddunum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Blikkás-Funi flytur inn Plannja vörurnar en það hefur sýnt sig að þær endast lengi og henta íslensku veðri vel að sögn Rúnars Guðmundssonar sölu- og innkaupastjóra.

„Ekki skal vanmeta góð frárennsliskerfi þaks. Jafnvel létt sumarrigning getur skapað mikið magn af vatni. Skilvirkt frárennsli er nauðsynlegt ef þú vilt forðast rakaskemmdir á húsum og lóðum. Við erum með þakrennur og niðurfallsrör í mismunandi gerðum og litum auk allra fylgihluta sem þarf til uppsetningar þakrennukerfa. Til viðbótar við stál er frárennsli á þaki einnig fáanlegt í áli og svo kopar sem er rökrétt val fyrir alla sem eiga hús á saltströndum,“ segir hann.

„Þakrennurnar koma í ákveðnum lengdum og eru styttar á staðnum, rennurnar koma í fimm metra lengd og rörin í þriggja metra og eins metra lengd. Stór hluti af þessu er lagervara sem hægt er að fá afgreidda samdægurs. Við höldum úti lagerlitunum: svart RAL 9011, hvítt RAL 9002, silver metal Ral 9006, grátt RAL 7011, rautt RAL 3009 og brúnt RAL 8017. Einnig er hægt að fá sérpöntun af lager erlendis af litunum: dökkt silver RAL 9007, blýgrátt Ral 7024 og rauðbrúnt RAL 8004.“

Að sögn Rúnars eru þakrennurnar og fylgihlutir frá Plannja framleidd úr hágæða stáli og svo húðuð með varanlegustu hlífðarhúðun markaðarins, Hard Coat Glossy.

„Þetta er hagnýtt kerfi og auðvelt í uppsetningu,“ segir hann.

**Sérsniðið þakefni**

Blikkás hefur selt Plannja þakrennukerfi í yfir 20 ár svo góð reynsla er komin á það hér á landi. En Trend þakefnið frá sama framleiðanda er tiltölulega nýtt á markaðnum.

„Við höfum verið að selja Plannja í mörg ár svo það lá beint við að hefja sölu á þessu þakefni. Það er mikil eftirspurn eftir því,“ útskýrir Rúnar.

> **Trend er einfalt í uppsetningu. Það er einn af kostunum við það. Það er framleitt fyrir hvert þak fyrir sig.**
>
> Rúnar Guðmundsson

Trend þakefnið hefur þá sérstöðu að sögn Rúnars að þegar búið er að setja það upp sjást engar skrúfufestingar. Þegar búið er að skrúfa niður eina plötu þá er næstu plötu smellt yfir skrúfurnar og hún læsist yfir skrúfurnar.

„Það að ekki sé verið að skrúfa göt á efnið áður en það er fest niður, hlýtur að skila sér í betri endingu,“ segir Rúnar.

„Segjum svo að þú ætlir að setja bárujárn á þakið. Þá er kannski búið að skrúfa 1.000 göt á efnið áður en það er fest niður. Þetta hlýtur því að vera betra.“

Þakplöturnar fást í tveimur breiddum, 275 mm og 475 mm. Lengdirnar eru svo sérsniðnar fyrir hvert þak fyrir sig. Rúnar segir lítið mál að blanda breiddunum saman.

„Það er hægt að vera með til dæmis tvær mjóar línur, eina breiða og aftur tvær mjóar. Breiddirnar passa alveg saman,“ segir Rúnar.

„Trend er einfalt í uppsetningu, það er einn af kostunum við það. Það er framleitt fyrir hvert þak fyrir sig. Þetta er ekki vara sem til er á lager hjá okkur. Við sendum útflatning af þakinu til Svíþjóðar þar sem varan er framleidd. Þeir raða svo lengdunum inn á þakið, þær geta verið misjafnar til dæmis ef það er kvistur á þakinu eða annað. Efnið er svo sent til Íslands sérsniðið fyrir þetta ákveðna þak. Það getur gert það að verkum að afgreiðslutíminn er ögn lengri. Það er ekki hægt að fá þetta samdægurs líkt og þakrennurnar.“

Blikkás hefur verið starfandi síðan 1984 og sameinaðist blikksmiðjunni Funa árið 2003, og er fyrirtækið nú ein af stærstu blikksmiðjum landsins. Ásamt innflutningi á gæðavörum sinnir fyrirtækið allri almennri blikksmíði og sér um uppsetningu og viðhald á loftræsti- og lofthitakerfum. Fyrirtækið framleiðir einnig mótatengi, brunalokur og fleira.

Í húsnæði Blikkáss-Funa á Smiðjuvegi 74 er smiðja, lager, skrifstofur og sýningarsalur, allt á einum stað. Allar nánari upplýsingar á Funi.is

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103, | Veffang: frettabladid.is

limtrevirnet.is

# EKKI ÓTTAST RIGNINGUNA

Þú færð endingargóðar ál- og stálrennur frá Lindab hjá okkur

**Skoðaðu nýju álrennurnar okkar á limtrevirnet.is**




LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

# Mannkynssagan í þakrennum og niðurföllum



Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

**Hefðirnar breytast og þakrennurnar með. Þórarinn Eggertsson hefur lifað tímana tvenna og orðið vitni að ýmsum áhugaverðum breytingum í húsasmíðabransanum og þróun hans á síðustu öld.**

Þórarinn var ekki nema 15 ára gamall þegar hann steig sín fyrstu skref í húsasmíðabransanum. „Ég byrjaði á einfaldari byggingum á sumrin í sveitinni, svo fór ég í nám í húsasmíði. Þá byrjaði ég ungur að kenna árið 1976 og hefur kennslan verið mitt aðalstarf í rúmlega fjörutíu ár.

Eftir tíunda ár mitt í kennslu jók ég við mig námi í byggingariðnfræði í Danmörku. Á þessum tíma hef ég verið duglegur að grípa í smíðavinnuna líka til að fylgjast með markaðnum og uppfæra það sem hefur breyst í iðnaðinum," segir Þórarinn sem kennir húsasmíði við Tækniskólann.

**Breyttir tímar í blikkinu**

„Það hefur til dæmis breyst frá því sem áður var að blikk þakrennur í dag koma að miklu leyti tilbúnar með fittings, eða lokum og samsetningum, stútum og niðurföllum sem er svo púslað saman. Áður var þakrennuvinnan í höndum blikksmíðaverkstæðanna sem suðu saman og smíðuðu rennur fyrir sérhvert hús. Þessi vinna við húsasmíði hefur því færst að miklu leyti frá blikksmiðum yfir til húsasmiða.

Það er þó ekki þar með sagt að þessi vinna sé alfarið farin úr höndum blikksmiða, enda þarf oft að sérsmíða rennur í sérstökum tilfellum. Það eru ekki öll hús eins og sums staðar henta ekki þær forsmíðuðu rennur sem fást. Þá er mjög gott að geta leitað til blikksmiða sem bjarga sérsmíðuðum hlutum."

**Plastið bognar undan snjóþunga**

Þakrennur fást í ýmsum gerðum og úr ólíkum efnum eftir því hvaða útliti er sóst og hver endingin þarf að vera. „Rennur fást ýmist úr blikki, áli eða plasti, sem eru algengustu efnin. Einnig fást þakrennur úr kopar sem er sjaldgæft en þykir bæði fallegt og veglegt.

Sama úr hvaða efni rennurnar eru, þá virka þær raunverulega eins. Kosturinn við álið og koparrennurnar, og raunar plastið líka er að þessi efni ryðga ekki á meðan blikkið, sem er þunn plata úr járnblendingi, á það til að ryðga og endist því ekki jafnvel og álið eða koparinn. Plastið á það hins vegar til að brotna ólíkt hinum efnunum. Þá er ekki ráðlagt að velja plastþakrennur ef fólk býr á snjóþungum svæðum, og þá sérstaklega þar sem snjór sest á þak, safnast upp og rennur niður í hláku. Þá á plastið enga möguleika, bognar og brotnar svo undan þunganum."



Ufsagrýlur þekkja margir úr Disney-teiknimyndinni frægu um Hringjarann í Notre Dame. Hér er um að ræða stórskemmtilega og oft fallega miðaldalausn sem ætlað er að að stýra og veita regnvatni frá byggingum og koma í veg fyrir skemmdir af völdum þess. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

» Tilgangurinn með ufsagrýlunum sem víða má sjá í gotneskri byggingarlist, var að koma rigningarvatni í hæfilega fjarlægð frá veggjum bygginga.

" Þá er ekki ráðlagt að velja plastþakrennur ef fólk býr á snjóþungum svæðum, og þá sérstaklega þar sem snjór sest á þak, safnast upp og rennur niður í hláku.



Þórarinn Eggertsson hefur kennt húsasmíði í 45 ár og man tímana tvenna.

**Tískustraumar í þakrennum**

Á tímabili segir Þórarinn að hafi verið í tísku að byggja þakrennur inn í þakkantana. „Þetta þótti fallegra en að hafa rennurnar sýnilegar utan á húsinu. En þetta hefur breyst frá því áður, og í dag eru rennurnar oftast sýnilegar utan á húsunum. Það var enda töluvert meira mál að ganga rétt frá rennunum þegar þær voru innbyggðar í kantana. Þá var oft vandamál að ganga þannig frá að það væri ekki opið inn í þakkantana.

Opnir þakkantar eru fyrirtaks íverustaður fyrir fugla og þrestir, og sérstaklega starrinn, gátu farið í þetta og gert sér hreiður. En starranum fylgir oft hvimleið lús sem getur verið til ama. Í tilfelli raðhúsa og einbýla er það orðin venja að hafa þakrennurnar utan á húsunum. Byggingarstíllinn á blokkunum í dag býður hins vegar upp á að vera með þakrennur og niðurföll innan í blokkunum og ekki utan á klæðningunni. Blokkir í dag eru oftar en ekki með flöt þök og sum hver með möl og þakpappa undir."

**Niðurföll en ekki ufsagrýlur**

Niðurföllin eru í dag oftast hluti af þakrennukerfinu og taka við því sem streymir úr rennunum. Þau eru úr sama efni og rennurnar og eru fest með spennum í veggina. Oft er rist í þeim sem hindrar að lauf og annað stífli niðurföllin.

„Á Íslandi er langalgengast að niðurföllin séu 70 mm sver, sem í samanburði við margar erlendar borgir er ekki svo svert. Því hér á Íslandi rignir yfirleitt ekki svo mikið í einu, en víða erlendis streymir gífurlegt magn í niðurföllin á rigningartímabilum og þá þurfa niðurföllin að geta tekið á móti. Hér heima rennur vatnið úr þakrennum alltaf í niðurfall sem er lagt í jörð og berst í frárennsliskerfið, en í eldri borgarhlutum erlendis má oft sjá vatnið streyma úr þakrennum og beint á stéttina." Þar má til dæmis nefna ufsagrýlurnar sem víða má sjá í gotneskri byggingarlist. Tilgangur þeirra var að koma rigningarvatni, sem safnast saman á þaki bygginga, í hæfilega fjarlægð frá veggjum bygginga svo það rynni ekki niður múrveggina og ylli skemmdum.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI
HAFÐU SAMBAND
INFO@HUSAVIDGERDIR.IS
SÍMI 565-7070
Finndu okkur á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ

# Fasteignablaðið

12. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 23. mars 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri. Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur. Löggiltur fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339

Snorri Snorrason
Löggiltur Fasteignasali
895 2115

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali.
BA í Stjórnmálafræði.
862 1110

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala
Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
Lista og innanhús Stílisti
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur Fasteignasali.
899 9083

Rakel Árnadóttir
Lögg. fasteignasali. Mannfræðingur/alþjóðatengill.
895 8497

Framúrskarandi fyrirtæki

*Fagleg þjónusta*
*Vönduð vinnubrögð*

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047



Davíð Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Traust þjónusta - mikil sala

Einstök útsýnisíbúð með tvöföldum bílskúr
Freyjubrunnur 23 í Úlfarsárdal



Sýnum daglega hafið samband Guðbjörg sími 899 5533

Tveggja herbergja 120.5 fm þakíbúð
Skjólgóðar útsýnissvalir
Tvöfaldur bílskúr, innangengt í stigagang
Verð 58,9 m.

FJÖLHÚS FASTEIGNASALA

www.fjolhus.is Ármúla 3 sími 511 1020




Þetta hús við Sóleyjargötu er til sölu eða leigu.

# Virðuleg eign í miðbænum

**Fold fasteignasala, s.552-1400, fold@fold.is, kynnir til sölu eða í langtímaleigu: Rúmlega 400 fm einbýlishús á besta stað við Sóleyjargötu 29 í 101 Reykjavík. Húsið er mjög virðulegt, 358,4 fm.**

Eignin stendur á 760,1 fm eignarlóð og er steinsteypt en það var byggt árið 1933. Forstofa á fyrstu hæð með fallegum ítölskum flísum í stíl við uppruna hússins. Stofa/borðstofa, björt og rúmgóð með fallegu parketi á gólfi með fiskibeinamynstri. Rúmgott herbergi/stofa sem er með útgengi frá eldhúsi og einnig af gangi, frá því er útgengi á lóð austan megin við húsið.

Eldhús með gluggum til austurs og útgengi í garð, þaðan er einnig stigi sem liggur í kjallara. Eldhúsinnrétting er frá Eirvík og tæki frá Miele og Siemens. Salerni er á hæðinni, skápur og geymsla. Fallegur stigi liggur upp á efri hæð

**Fold fasteignasala, Sóltúni 20, 105 Reykjavík. fold@fold.is Sími 552-1400 Utan skrifstofutíma: Viðar 694-1401, Einar 893-9132, Gústaf 895-7205 og Hlynur 624-8080, aðstoðarmaður fasteignasala. Við erum á Facebook.**

með ofnum, vínil á gólfi frá Bolon / Parket og Gólf.

2. hæð: Fjögur herbergi búin húsgögnum, tvíbreiðum rúmum, öll með flatskjá.

Herbergin eru öll með baðherbergi, flísalögð með sturtu. Eitt af fjórum herbergjum á hæðinni er með útgengi á suðvestursvalir.

3. hæð sem er þakhæð (óskráð rými): Herbergi með harðparketi, fallegt endurnýjað baðherbergi með sturtu. Saunaklefinn er úr stuðlabergi frá S. Helgasyni að utan og hraunflísar inni í gufu. Útgengi út á þaksvalir með heitum potti. Útsýni er frá þaksvölum. Baðherbergi með sturtu.

Kjallari: Fjögur rúmgóð svefnherbergi. Baðherbergi sem er rúmgott, uppgert með baðkari og sturtu. Þvottahús er í kjallara en þar er einnig vatnsinntak fyrir húsið og lagnagrind sem búið er að endurnýja. Sérinngangur er í kjallara en einnig er innangengt frá eldhúsi 1. hæðar.

Arkitektinn Sigurður Guðmundsson teiknaði húsið fyrir Thor Thors.

Húsið er til sölu en einnig er möguleiki á samningi um langtímaleigu.

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Finndu rétta starfskraftinn með því að auglýsa í
MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

## Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.
## Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**


Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali


*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki














Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is


## Hrólfsskálamelur 2 – 8 – Seltjarnarnes
## 3ja – 4ra herbergja útsýnisíbúð óskast fyrir traustan kaupanda

### Stuðlaborg – *Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.*




- Stuðlaborg er vandað fjölbýli með 77 íbúðum í fimm lyftuhúsum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist. Stórbrotið útsýni yfir sundin blá, miðbæinn og borgina.
- Áhersla á fjölbreytileika og gæði í hönnun, efnisvali og frágangi. Þýskar gylltar álklæðningar ásamt stórum swiss pearl steinplötum. Sérstök hljóðgólf í öllum íbúðum, þykkir veggir og full loftræsting skapa góða hljóðvist. Gólfsíðir gluggar í stofum skapa einstakt og óhindrað sjávarútsýni.
- Hin margverðlaunaða og heimsþekkta danska arkitektastofa Schmidt Hammer Lassen (SHL) hannar Stuðlaborg ásamt VA arkitektum.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

### Sumarhús – Valhallarstígur - Þingvöllum



- Reisulegt sumarhús við Valhallarstíg Nyrðri, Þingvöllum, Bláskógabyggð. Gróin lóð með hávöxnum trjám við opið svæði nærri Þingvallavatni með víðáttumiklu útsýni yfir vatnið og fjallasýn.
- Húsið er afar vel byggt hús frá fyrstu gerð, reisulegt og stílhreint, en þarfnast talsverðrar endurnýjunar. Timburhús á steyptum grunni, ein hæð og ris, byggt á árunum 1929-1930 að raunstærð um 125,0 fm.
- Lóðin er leigulóð 5.600,0 fm. að stærð og er í eigu Ríkissjóðs Íslands. Aðgengi að húsinu er mjög gott frá bílaplani framan við húsið.

### Sólborg – *Kirkjusandur - Glæsilegar útsýnisíbúðir í grónu hverfi.*




- Sólborg er vandað fjölbýli með afar vönduðum 2ja – 4ra herbergja lúxusíbúðum.
- Á Kirkjusandi er örstutt í alla þjónustu, veitingastaði og útivist.
- Eignin er byggð úr afar vönduðum byggingarefnum og eru m.a. allir gluggar úr áli og klæðning hússins úr anodiseraðri álklæðningu. Klæðningin er sérhönnuð og meðhöndluð með sérstakri aðferð. Hljóðvist er verulega aukin í eigninni og er gengið mun lengra í þeim efnum en alla jafna tíðkast í íslenskum byggingum.
- Hönnuðir byggingarinnar eru THG Arkitektar og Studio Arnhildur Palmadottir.
- Nánari upplýsingar um bygginguna á www.105midborg.is

### Vatnsstígur 15. 4ra herbergja endaíbúð.



- Einstaklega falleg 136,8 fm. endaíbúð með gluggum í 3 áttir, tvennum svölum og sér bílastæði í bílageymslu.
- Mjög stór og björt stofa með fallegum útbyggðum glugga til vesturs. Rúmgóðar svalir til suðurs og vesturs með svalalokun.
- Allar innréttingar og parket á íbúðinni eru úr eik. Þrjú herbergi. Í stofu er fallegur útbyggður gluggi og er það rými nýtt sem setkrókur. Stórt baðherbergi með glugga og miklum innréttingum og gestasnyrting.

**Mjög rúmt er um íbúðina og hún björt þar sem opin svæði eru bæði vestan- og austanmegin við hana.**

**Verð 87,9 millj.**

### Leifsgata 9. *Tvær íbúðir- 3ja – 4ra herb. íbúð og studióíbúð.*



- 94,4 fm. nýlega innréttuð og vönduð 4ra herbergja íbúð á 1. hæð.
- 41,2 fm. nýlega innréttuð 2ja herbergja íbúð á baklóð í sérstæðu húsi.
- Báðar íbúðirnar eru mikið endurnýjaðar og eru í góðu ástandi. Möguleiki á góðum leigutekjum.
- Íbúðunum fylgir sér innkeyrsla/bílastæði við Leifsgötuna sem þinglýst er eingöngu á þessar íbúðir.
- Frábær staðsetning í miðborginni.

**Verð 62,9 millj.**

### Kjarrhólmi – Kópavogi. 4ra herbergja útsýnisíbúð.



- Mikið endurnýjuð 101,2 fm. 4ra herbergja íbúð á 4. hæð með svölum til suðurs við Kjarrhólma.
- Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð hið innra á sl. 5 árum, m.a. baðherbergi, innrétting og tæki í eldhúsi, innrétting í þvottaherbergi og fataskápar.
- Stofan er mjög rúmgóð og í dag nýtt sem bæði borð- og setustofa. Þrjú herbergi.
- Skipt hefur verið um allt gler, glugga og svalahurðir á suðurhlið og einnig skipt um allt gler sem þurfti og gluggalista á norðurhlið.

**Verð 49,9 millj.**

### Skipholt 29B. 3ja herbergja endaíbúð.



- Virkilega góð 121,3 fm. 3ja herbergja endaíbúð með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í nýlegu og vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu.
- Íbúðin er eina íbúðin á hæðinni í þessum hluta byggingarinnar, þ.e. norður- álmu en tvær íbúðir eru í suðurálmu og er göngubrú þangað yfir.
- Vandaðar innréttingar í eldhúsi. Yfirbyggðar svalir til suðausturs. Tvö svefnherbergi.
- Sameiginlegur líkamsræktarsalur er á efstu hæð auk sameiginlegs þakgarðs með útsýni út á sundin, að Esjunni og yfir borgina.

**Verð 73,9 millj.**

### Bræðraborgarstígur. 3ja herbergja íbúð.



- Virkilega góð 119,3 fm. íbúð á tveimur hæðum, jarðhæð og kjallara, í nýlega viðgerðu og steinuðu fjölbýlishúsi við Bræðraborgarstíg.
- Bæði er sérinngangur í íbúðina og sameiginlegur um stigahús.
- Jarðhæðin er mjög björt með aukinni lofthæð og stórum gluggum. Góður stigi er á milli hæða og kjallarinn er með gluggum til suðurs.
- Stór og björt stofa með frönskum gluggum til suðurs og vestur og útgengi á verönd. 2 svefnherbergi.
- Eignin er laus til afhendingar nú þegar.

**Verð 54,9 millj.**

### Laugavegur 86-94. 2ja herbergja íbúð.



- Falleg 83,1 fermetra 2ja herbergja íbúð með svölum til suðurs á 2. hæð í fjölbýlishúsi við Laugaveg.
- Íbúðin er virkilega vönduð og innréttuð á smekklegan hátt. Gólfhiti er í íbúð og myndavéladyrasími. Stofa með stórum gluggum til suðurs.
- Búið er að skipta stóru svefnherbergi niður í tvö svefnherbergi. Minna herbergið er gluggalaust.

Íbúðin er í leigu og yfirtekur kaupandi réttindi og skyldur samkvæmt honum.

**Verð 57,9 millj.**

### Grettisgata 3. Verslunarhúsnæði



- 37,7 fm. verslunarhúsnæði neðst á Grettisgötu fyrir aftan Eymundsson. Frábær staðsetning á svæði sem er í mikilli uppbyggingu.
- Húsnæðið, sem er eitt opið rými með salerni og eldhúskrók innaf, er með ca. 3,5 metra lofthæð og góðum verslunargluggum.
- Húsnæðið var allt endurnýjað fyrir nokkrum árum síðan.

**Verð 27,5 millj.**










**Síðustu íbúðirnar í Stuðlaborg og Sólborg sem eru sérlega vönduð fjölbýli í nýju hverfi á Kirkjusand**

- Stærðir íbúða frá **61-143 fm**
- Á Kirkjusandi er **örstutt í alla þjónustu**, veitingastaði og útivist
- Við hljóðhönnun bygginganna var hugað vandlega að hljóðeinangrun milli íbúða.

**Þórunn Pálsdóttir** lögg. fasteignasali **Sími: 773 6000** thorunn@miklaborg.is

**Jason Ólafsson** lögg. fasteignasali **Sími: 775 1515** jko@miklaborg.is

|---|---|---|
| Reykjavík | 3 | 8 |
| Ísafjörður | 2 | 6 |
| Akureyri | 1 | 1 |
| Egilsstaðir | 3 | 1 |
| Kirkjubæjarklaustur | 3 | 9 |
| Hveravellir | -2 | 5 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | 4 | 1 | | 3 | | 5 | | |
| 2 | | | | 8 | 5 | | | 4 |
| 1 | 5 | | 4 | | | 3 | 9 | |
| | 6 | 8 | | 7 | 9 | | | 2 |
| 4 | 2 | | | | | | | |
| 5 | 8 | | 2 | 9 | 7 | | | |
| | 9 | 3 | | | 4 | 7 | | 5 |
| | | | 6 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 1 | | 7 | | |
| | 6 | | 9 | | | | 3 | 1 |
| 3 | 2 | | | | | 4 | | |
| 5 | | | | 7 | | | 2 | |
| 7 | 1 | | | | | | | |
| | | 3 | 1 | | | | 5 | 8 |
| | | | | 9 | 7 | | | 4 |
| | 4 | | 3 | | 8 | | 6 | 7 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | 3 | | | |
| | 6 | 7 | | 9 | | | 2 | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | 4 | |
| 5 | | | | 3 | | | | |
| 2 | 3 | 4 | 9 | | | | | 1 |
| 4 | | | 1 | | | | 9 | |
| 6 | | 1 | | | | | 5 | |
| | 2 | | 4 | | 5 | | | 6 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 glettni
5 skarð
6 óttist
8 kvísl
10 tveir eins
11 að
12 gróður
13 leysir
15 vondur
17 froða

**LÓÐRÉTT**
1 tröllaldin
2 hross
3 stafur
4 sunnan
7 ódæði
9 ávíta
12 jarðefni
14 seinka
16 tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 glens, 5 rof, 6 ói, 8 affall, 10 ss, 11 til, 12 lyng, 13 eter, 15 reiður, 17 frauð.
**LÓÐRÉTT:** 1 grasker, 2 lofs, 3 eff, 4 sólin, 7 ill-gerð, 9 atyrða, 12 leir, 14 tef, 16 uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Halldór Grétars Einarsson (2.215) átti leik gegn Jóhanni H. Ragnarssyni á Skákþingi Kópavogs fyrir skemmstu.

**24....Hxg3+!** (24...Hh6 vinnur líka). **25. fxg3 Dxg3+ 0-1**
Landakotsskóli varð um helgina Íslandsmeistari grunnskólasveita og Vatnsendaskóli Íslandsmeistari barnaskólasveita. Anish Giri vann sigur á Boðsmóti Magnúsar Carlsen.

**www.skak.is:** Þriðjudagsmót hjá TR.

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | 5 | 9 | 8 | 1 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 2 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 | 6 | 5 |
| 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 3 | 6 | 5 | 4 | 9 | 2 | 1 |
| 2 | 9 | 6 | 1 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 6 |
| 4 | 6 | 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 |
| 3 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 | 4 | 8 | 1 |
| 7 | 1 | 4 | 3 | 8 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 9 | 8 | 6 | 1 | 4 | 2 | 7 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 7 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 |
| 2 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.




## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI
Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.
Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið.
Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn.
Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.
BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®
Hästens®
since 1852
HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477
AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is
Betra BAK

# Verk sem einkennast af forvitni og léttleika

**Edda Jónsdóttir sýnir verk í Ásmundarsal og á Mokka. Fyrstu sýningar hennar síðan 1994. Nokkuð sem ég varð að gera, segir listakonan. Í verkunum ríkir frelsi, segir Hildigunnur Birgisdóttir sýningarstjóri.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Edda og Hildigunnur við uppsetningu á sýningunni í Ásmundarsal. MYND/AÐSEND



Fuglarnir sem Edda hefur skapað eru miklir karakterar.

Hægra/Vinstra er titill á tveimur sýningum Eddu Jónsdóttur, í Ásmundarsal og á Mokka. Þetta eru fyrstu einkasýningar hennar síðan 1994, en auk þess að starfa sem myndlistarmaður stofnaði Edda og rak myndlistargalleríið i8 í mörg ár. Í þann tíma lagði Edda sína eigin listsköpun til hliðar, en stígur nú fram með ný verk sem unnin hafa verið síðustu tíu ár. Sýningarstjórar sýninganna tveggja eru Auður Jörundsdóttir, Anna Júlía Friðbjörnsdóttir og Hildigunnur Birgisdóttir.

„Þegar ég vann að þessum verkum var ég ekkert með sýningu í huga, þetta var bara nokkuð sem ég varð að gera. Svo söfnuðust verkin saman og ég hugsaði með mér að ég skyldi biðja þær að koma heim og segja mér hreinskilnislega hvort það væri eitthvert vit í þessu sem ég væri að gera eða ekki. Ég var alveg viðbúin því að þeim fyndist ekkert í þetta varið og var tilbúin að taka því. En þær sáu eitthvað í þessu og Hildigunnur sagði strax að þetta yrðu að vera tvær sýningar,“ segir Edda.

### Sjaldgæfur eiginleiki

„Það sem sló okkur þegar við sáum þessi verk er hvað það er mikil forvitni og léttleiki í þeim. Við urðum spenntar og vildum fá að sýna þau,“ segir Hildigunnur. „Í verkunum ríkir frelsi sem einungis kona með hennar reynslu og sögu getur búið yfir. Þetta er sjaldgæfur eiginleiki í manneskju á hennar aldri, því það er algengara að með aldrinum haldi fólk sig í sama farinu. Edda er hins vegar galopin fyrir breytingum og nýjum straumum. Það er aðdáunarvert og til eftirbreytni. Okkur finnst mjög mikilvægt að sýna fólki það.

Verkin á sýningunni í Ásmundarsal eru næm og tær, einhvers konar frumtjáning. Þetta eru postulíns- og keramikfuglar og vatnslitamyndir þar sem verið er að skoða vatnslitinn. Einnig eru þarna nokkur grafíkverk, en frekar ólík þeim sem Edda var þekkt fyrir áður. Á sýningunni eru líka kvikar ljósmyndir sem Edda tekur á símann sinn og deilir gjarnan á samfélagsmiðlum þar sem hún er mjög virk.“

> EDDA ER HINS VEGAR GALOPIN FYRIR BREYTINGUM OG NÝJUM STRAUMUM. ÞAÐ ER AÐDÁUNARVERT OG TIL EFTIRBREYTNI.
>
> Hildigunnur Birgisdóttir

### Skugginn aðalatriðið

Á sýningunni á Mokka eru bæði eldri og nýrri verk. „Það er annar tónn í verkunum á Mokka en í Ásmundarsal, hluti þeirra er frá árinu 1994. Þetta er síðasta eintakið af grafíkmöppu þar sem tvær fígúrur takast á í löngum línum sem minna hálfpartinn á skuggadans,“ segir Hildigunnur og bætir við: „Edda er mjög forvitin manneskja og eitt af því sem hún gerir heima hjá sér á fimmtu hæð er að ef hún heyrir fótatak á sólbjörtum degi þá hleypur hún út á svalir og tekur myndir af fólki. Hún nær ótrúlegum myndum í skuggavarpi þar sem skugginn er aðalatriði og maðurinn svo að segja hverfur. Þessar myndir kölluðust svo skemmtilega á við gömlu grafíkmyndirnar að okkur fannst upplagt að sýna þær saman á Mokka þar sem ófá hitamál myndlistarinnar hafa verið reifuð í gegnum árin.“

### Þörf fyrir frelsi

Fuglarnir sem Edda hefur skapað eru miklir karakterar og vekja athygli blaðamanns sem spyr Eddu hvort hún sé fuglavinur. „Þeir komu bara, þetta byrjaði eiginlega sem þerapía í höndunum,“ segir hún. „Síðan hef ég verið að velta því fyrir mér af hverju ég fór að gera fugla. Ég hef óskaplega mikla þörf fyrir frelsi og kannski eru þeir tákn fyrir það.“

Á sýningunni í Ásmundarsal má sjá skissubækur Eddu, bækurnar eru einungis brotabrot af þeim fjölda sem Edda hefur unnið á síðustu árum og bera áráttukenndum vinnubrögðum listamannsins vitni. „Í öllum skissubókunum er ein heil hugsun og þar vinnur hún sama mótífið aftur og aftur,“ segir Hildigunnur. „Við sýningarstjórarnir kolféllum fyrir einni vatnslitaskissubók. Edda var í Arizona og hafði einblínt á tré sem garðyrkjumenn höfðu bundið við staur til að hjálpa því að lifa. Í vatnslitaskissubókinni er þetta eina tré, þetta eina prik, teygjan þar á milli og skuggavarpið málað aftur og aftur, fyllir heila skissubók. Þetta er ótrúlega fallegt og við heilluðumst mjög af þessu.“

Edda teiknaði í þessa skissubók með vinstri hendi. Spurð um ástæðuna segir hún: „Ég get ekki skrifað nafnið mitt með vinstri hendi en hugsaði með mér hvort ég gæti teiknað með vinstri hendinni og ákvað að prófa það.“

# Samtímatónlistin er ekki dauð

**TÓNLIST**

★★★★½

**Verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur og Daníel Bjarnason**

**Eldborg í Hörpu**

fimmtudaginn 18. mars

**Einleikari:** Pekka Kuusisto
**Stjórnandi:** Daníel Bjarnason

Yfirmaður bækistöðvar CIA í Berlín á tímum kalda stríðsins var tónlistargagnrýnandi í hjáverkum. Hann hét Henry Pleasants. Ein af bókunum sem hann skrifaði bar nafnið The Agony of Modern Music. Hún kom út árið 1955. Eins og titillinn gefur til kynna, er hún mikill bölmóður um tónlist samtímans. Í þá daga var ákveðin tegund akademískrar tónlistar áberandi og byggðist á ströngum formúlum. Pleasants hataði hana og taldi dauða. Skoðun hans var að djassinn væri hinn raunverulegi arftaki klassískrar tónlistar nítjándu aldarinnar.

Þetta var óþarfa bölsýni. Alls konar stefnur í tónsköpun hafa litið dagsins ljós síðan bókin var skrifuð. Í dag veit maður aldrei á hverju er von þegar ný tónlist er frumflutt. Gott dæmi voru tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Þar voru flutt þrjú ný verk eftir íslensk tónskáld. Þau voru fjarskalega ólík og komu stöðugt á óvart. Og ekki bara það, þau voru skemmtileg líka.

### Tilnefnt til Grammy-verðlauna

Tvær tónsmíðarnar eru á geisladiski sem var tilnefndur til Grammyverðlaunanna, en hreppti þó ekki hnossið, því miður. Önnur þeirra var Metacosmos eftir Önnu Þorvaldsdóttur. Það var áhugaverð tónlist. Hún var mun viðburðaríkari en margt annað sem ég hef heyrt eftir Önnu. Verkið einkenndist af snarpri atburðarás og ástríðufullri stígandi. Mikið var um svokallað glissando, það er að segja rennerí eftir strengjum. Kraftmiklir slagverkskaflar voru eggjandi, og í hápunktinum leystist allt upp í afar munúðarfulla hljóma sem voru einstaklega krassandi. Útkoman var mögnuð.

Næst á dagskrá var Oceans eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur, sem er einnig að finna á geisladiskinum. Verkið var allt öðruvísi en það sem Anna samdi. Áferðin var miklu jafnari, litur tónlistarinnar samfelldari. Engu að síður voru dramatískir hápunktar og í heild var einhver annarsheimslegur sjarmi yfir músíkinni, sem erfitt er að skilgreina með orðum.



Verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur var á tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Hvað ertu, tónlist?

Í þessu samhengi má nefna að Beethoven spilaði einu sinni verk eftir sjálfan sig á píanó fyrir hóp fólks. Á eftir spurði einn meðal áheyrenda um merkingu þess sem hann heyrði. Beethoven reiddist, og í stað þess að svara settist hann aftur við píanóið og lék verkið á ný. Megnið af tónlist væri ekki til ef hægt væri að útskýra hana á einhvern annan hátt en með henni sjálfri. Verk eins og það sem hér heyrðist á tónleikunum á bara að vera dularfullt.

Ennþá dularfyllri var fiðlukonsert eftir Daníel Bjarnason, sem jafnframt stjórnaði hljómsveitinni á tónleikunum. Gríðarleg breidd var í styrkleikabrigðum, sem og í hraða. Stemningin var allt frá því að vera eins og í hugleiðslu yfir í villimannslega orgíu. Laglínurnar voru framandi, en heillandi á einhvern skrýtinn hátt. Á köflum heyrðust undarlegir flaututónar; einleikarinn spilaði ekki bara á fiðluna, heldur blístraði líka. Það var eins og vindurinn væri með á tónleikunum.

Einleikurinn var í höndum hins finnska Pekka Kuusisto. Leikur hans var stórbrotinn og glæsilegur, einkar kraftmikill, en líka viðkvæmur þegar við átti. Hljómsveitin spilaði sömuleiðis afar vel. Útkoman var full af karakter, dálítið sérviskuleg en alltaf áhugaverð; uppbyggingin spennandi og hápunktarnir áhrifaríkir. Þetta var gaman. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Líflegir tónleikar með kræsilegri tónlist og flottum einleik.



Verk eftir Gustav Mahler verða á efnisskránni í Salnum í kvöld.

## Jóhann og Ammiel flytja verk Mahlers

Í kvöld, þriðjudaginn 23. mars kl. 19.30 í Salnum, flytja Jóhann Kristinsson barítón og Ammiel Bushakevitz söngva úr Des Knaben Wunderhorn eftir Gustav Mahler.

Mahler sótti innblástur í Des Knaben Wunderhorn eða Töfrahorn drengsins sem er safn þýskra þjóðkvæða. Þjóðkvæðin voru gefin út undir sama nafni af Achim von Arnim og Clemens Brentano árið 1805 og urðu mörgu tónskáldinu yrkisefni.



Kristinn Sigmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Tónlistarhátíð í Mývatnssveitinni

Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit á páskum er áætluð í dymbilviku. Á skírdag, 1. apríl, kl. 20.00 verða kammertónleikar í Skjólbrekku þar sem þekktar óperuaríur og dúettar verða flutt ásamt íslenskum sönglögum. Sónata fyrir fiðlu og píanó eftir Beethoven er einnig á efnisskránni. Á föstudaginn langa kl. 20.00 mun tónlist eftir meðal annarra J.S. Bach, Pergolesi, Haydn og Mozart hljóma í Reykjahlíðarkirkju.

Flytjendur á hátíðinni 2021 eru söngvararnir Sigrún Hjálmtýsdóttir og Kristinn Sigmundsson, fiðluleikarinn Laufey Sigurðardóttir og píanóleikarinn Aladár Rácz.

Væntanlegir tónleikagestir eru hvattir til að panta miða í síma 695-6121 alla virka daga fram að tónleikum.

## Kvintett Phil Doyle skemmtir í Hörpu

Á morgun, miðvikudaginn 24. mars, kl. 20 í Flóa í Hörpu kemur fram kvintett Phil Doyle. Á tónleikunum mun saxófónleikarinn Phil Doyle ásamt kvintetti sínum leika frumsamið efni í bland við síðari tíma djassstandarda í eigin útsetningum þar sem ævintýralegur spuni verður í hávegum hafður. Ásamt Phil koma fram trompetleikarinn Snorri Sigurðarson, Eyþór Gunnarsson sem leikur á píanó, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á bassa og Einar Scheving sem leikur á trommur.

# Með góðu eftirbragði sem endist lengi, segir danskur gagnrýnandi

Gagnrýnandi Berlingske Tidende í Danmörku segir Dimmu Ragnars Jónassonar vera framúrskarandi og gefur henni fjórar stjörnur. Hann segir meðal annars: „En ekki reikna með blóðugum gný og brestum frá íslenskum eldfjöllum. Og gleymið öllu um flóð sem lemst áfram með höggbylgjum. Því að þannig er Dimma ekki. Bókin er hægelduð með bragðhöggi í lokin og með góðu eftirbragði sem endist lengi.

Þannig að maður á að gera sjálfum sér greiða og tyggja hægt, drekka vín með og njóta þess að lesa. Því að Dimma er þrátt fyrir sínar 323 síður búin áður en maður veit af og undirritaður gleypti hana því miður í sig á methraða.“

Og gagnrýnandinn heldur áfram: „Bragðið af andhetjunni Huldu Hermannsdóttur er stórkostlegt en það er kannski aðeins of sterkt miðað við glæpafléttuna sjálfa þar sem rannsókn aðalpersónunnar og afhjúpun morðingjans er afgreidd aðeins of hratt.

Það breytir samt ekki hinum jákvæðu áhrifum sem eru virði fjögurra stórra stjarna. Og það dregur hvorki úr eftirvæntingunni eftir næsta bindi í þríleiknum um Huldu Hermannsdóttur né framtíð Ragnars Jónassonar sem, þökk sé Dimmu, ætti nú að vera ennþá bjartari en hún greinilega var.“




Ennþá bjartari framtíð hjá Ragnari Jónassyni, segir gagnrýnandinn.



Ragnar Jónasson rithöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nýjar áskoranir – nýjar leiðir

Örráðstefna í Mottumars

7.110 menn á lífi sem greinst hafa með krabbamein

Dagskrá:

17:00-17:05 Setning
Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands

17:05-17:20 Helstu áskoranir, bjargráð og endurhæfing í kjölfar krabbameins og meðferða
Rannveig Gylfadóttir, sérfræðingur í krabbameinshjúkrun, teymisstjóri í endurhæfingarteymi fyrir krabbameinsgreinda, Landspítala

17:20-17:30 Algeng viðbrögð karla
Þorri Snæbjörnsson, sálfræðingur hjá Krabbameinsfélaginu

17:30-17:45 Karlmennska og krabbamein
Áslaug Kristjánsdóttir, hjúkrunar- og kynfræðingur

17:45-17:55 Er mikilvægt að rannsaka aðdraganda greiningar og reynslu af krabbameinsmeðferð?
*Frumniðurstöður úr Áttavitanum – vísindarannsókn Krabbameinsfélagsins*
Jóhanna Eyrún Torfadóttir, PhD, sérfræðingur hjá Krabbameinsfélaginu
Ásgeir Helgason, dósent í sálfræði, sérfræðingur hjá Krabbameinsfélaginu

17:55-18:15 Reynslusögur
Högni Jóhann Sigurjónsson
Bragi Guðmundsson

18:15-18:25 Umræður

18:25-18:30 Samantekt og málþingi slitið

Fundarstjóri: Helgi Björnsson, fjármálastjóri Krabbameinsfélagsins

Örráðstefna um karlmenn og krabbamein miðvikudaginn 24. mars 2021 kl. 17:00-18:30 í streymisveitu Krabbameinsfélagsins (krabb.is).

Vinsamlega athugið að örráðstefnunni verður einungis streymt og ekki gert ráð fyrir gestum í sal.

Nánari upplýsingar á krabb.is.

Krabbameinsfélagið

MOTTUMARS

LA-Z-BOY® Live life comfortably.



PINNACLE
Þægilegur 3ja sæta La-Z-Boy sjónvarpssófi með niðurfellanlegu borði. Fæst í svörtu eða brúnu leðri.
Stærð: 201 × 95 × 105 cm.

ÞÚ SPARAR 60.000 KR.
379.990 kr. ~~439.990 kr.~~

LA-Z-BOY®
BARA Í HÚSGAGNAHÖLLINNI



STANLEY
Nettur RAFDRIFINN LZB lyftistóll. Brúnt eða ljóst áklæði. Þessi leggur þig útaf og lyftir þér til að gera það auðvelt að komast úr stólnum. Stærð: 84 x 91 x 109 cm

ÞÚ SPARAR 30.000 KR.
169.990 kr. ~~199.990 kr.~~





HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## HRINGBRAUT

**18.30 Fréttavaktin** Á fréttavaktinni er fjallað um helstu fréttir dagsins í umsjá þeirra Margrétar Erlu Maack, Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis.
**19.00 Heima er bezt (e)** Samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**19.30 Karlmennskan (e)** Femínískt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.
**20.00 Matur og heimili** Lifandi þáttur um matargerð og bakstur í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**20.30 Fréttavaktin** Á fréttavaktinni er fjallað um helstu fréttir dagsins í umsjá þeirra Margrétar Erlu Maack, Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis.
**21.00 Lífið er lag** Þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
**21.30 433.is** 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.

## RÚV SJÓNVARP

**09.00 Heimaleikfimi**
**09.10 Kastljós**
**09.25 Menningin**
**09.35 Af fingrum fram** Eyþór Gunnarsson
**10.15 Vatnajökull - Eldhjarta Íslands** Blómagarður jökulsins.
**10.45 Vegir liggja til allra átt** Kristbjörg Kjeld í 60 ár
**12.00 Heimaleikfimi**
**12.10 Hraðfréttir**
**12.20 Andri á flandri í túristalandi**
**12.45 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins**
**13.00 Á hjara veraldar**
**14.50 María í frásögn Callas**
**16.45 Löwander-fjölskyldan**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Rammvillt í Reykjavík**
**18.29 Hönnunarstirnin**
**18.46 Bílskúrsbras**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Okkar á milli**
**20.30 54 dagar. Yfirhylming kórónuveirunnar - Faraldurinn í Bandaríkjunum 54 Days. The Coronavirus Cover Up. America and the Pandemic** Þegar COVID-19 varð fyrst vart í Bandaríkjunum virtust heilbrigðisyfirvöld ekki átta sig á hversu smitandi veiran er. Áhrifarík viðtöl við heilbrigðisstarfsfólk og vísindamenn, sem höfðu áttað sig á því að hætta væri á heimsfaraldri, lýsa því hvað baráttan við að koma upp vörnum reyndist erfið.
**21.30 Gösta**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 DNA DNA**
**23.00 Komdu heim Come Home**
**00.00 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**09.10 European Tour 2021 - Highlights**
**10.00 European Tour 2021** Bein útsending frá Kenya Savannah Classic.
**15.00 European Tour 2021**
**19.30 European Tour 2021 - Highlights**
**20.15 European Tour 2021**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**13.00 Dr. Phil**
**13.45 The Late Late Show**
**14.30 American Housewife**
**14.55 George Clarke's Old House, New Home**
**15.40 90210**
**16.40 Family Guy**
**17.00 The King of Queens**
**17.20 Everybody Loves Raymond**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 The Late Late Show**
**19.15 Carol's Second Act** Gamanþáttaröð um konu sem ákveður að láta gamlan draum rætast og fara í læknanám þegar hún er komin yfir fimmtugt.
**19.40 mixed-ish**
**20.10 Zoey's Extraordinary Playlist**
**21.00 FBI**
**21.50 We Hunt Together** Spennandi bresk þáttaröð frá BBC. Ung kona með annarlegar hvatir kynnist manni sem á skuggalega fortíð og saman skilja þau eftir sig blóðuga slóð.
**22.35 Fosse/Verdon**
**23.25 The Late Late Show**
**00.10 The Resident**
**00.55 Station 19**
**01.40 Chicago Med**
**02.25 Queen of the South**
**03.10 Station 19**
**03.55 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið** seinni hluti
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Lofthelgin**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Krakkakastið**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.40 Kvöldsagan. Eyrbyggja saga.** (1 af 26)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.09 Lestur Passíusálma** (42 af 50)
**22.15 Samfélagið**
**23.10 Segðu mér**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.00 Music of Silence**
**12.55 Love Exclusivly**
**14.25 Stan & Ollie**
**16.00 Music of Silence**
**17.50 Love Exclusivly**
**19.20 Stan & Ollie**
**21.00 Colette**
**22.45 White Boy Rick**
**00.35 Happy Death Day 2U**
**02.15 Colette**

## STÖÐ 2

**08.00 Heimsókn**
**08.15 Veronica Mars**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 The O.C.**
**10.05 Logi í beinni**
**10.55 The Village**
**11.35 NCIS**
**12.20 Friends**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 The Fast Fix. Diabetes**
**13.45 10 Ways To Lose 10 Years**
**14.35 Ísskápastríð**
**15.05 Allt úr engu** Matreiðslumaðurinn Davíð Örn Hákonarson mætir hér í frábærum þáttum um allt sem tengist mat og hvernig við getum nýtt hráefnið sem best og spornað við matarsóun í framhaldinu.
**15.30 Grey's Anatomy**
**16.20 Hannað fyrir Ísland**
**17.00 PJ Karsjó**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 MasterChef Junior**
**19.50 12 Puppies and Us** Heimildarþættir frá 2020 þar sem fylgst er með þegar tólf hvolpar eignast ný heimili og hvernig gengur fyrstu mikilvægustu mánuðina saman.
**20.55 Mom**
**21.20 S.W.A.T.**
**22.05 Last Week Tonight with John Oliver**
**22.35 The Wire**
**23.35 A Teacher**
**00.05 LA's Finest**
**00.50 The Girl With All the Gifts**
**02.35 Veronica Mars**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00 Barnaefni**
**20.00 Friends**
**20.20 Friends**
**20.50 The Office**
**21.10 The Bold Type**
**21.55 Big Little Lies**
**22.50 Castle Rock**
**23.50 Our Girl**
**00.45 Friends**
**01.05 Friends**
**01.30 The Office**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.55 Seinni bylgjan - karla**
**09.20 Haukar - ÍBV** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
**09.20 Stjarnan - Haukar** Útsending frá leik í Dominos deild karla.
**12.25 Manstu eftir Liverpool**
**13.10 FH - Selfoss** Útsending frá leik í Olís deild karla.
**14.30 ÍR - Fram**
**15.55 Stærstu augnablik Meistaradeildarinnar**
**16.55 Grindavík - Keflavík** Útsending frá leik í Dominos deild karla.
**18.35 FH - Selfoss**
**20.00 Dominos Körfuboltakvöld**
**21.30 Dominos Tilþrifin 16. umferð**
**22.15 Seinni bylgjan - karla**
**23.40 ÍR - Fram**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.20 Real Sociedad - Barcelona**
**10.00 Los Angeles Lakers - Atlanta Hawks**
**13.00 Juventus - Benevento**
**14.40 Chelsea - Sheffield United**
**16.20 Miami Heat - Indiana Pacers**
**19.20 Spænsku mörkin**
**20.10 Boston Celtics - Orlando Magic**
**23.10 Leicester - Manchester United**

FRÉTTABLAÐIÐ

# *Páskaleikur Fréttablaðsins!*

**Finndu páskaungana í Fréttablaðinu og þú gætir unnið RISA páskaegg nr. 11 og Karamelluegg nr. 5 frá Góu!**

**Svona virkar leikurinn:**

1. Páskaungarnir í þessari auglýsingu verða faldir í Fréttablaðinu dagana 23. til 30. mars. (ath. þeir verða tveir í helgarblaðinu). Þitt hlutverk er að finna ungann í blaði dagsins.

2. Farðu svo á **www.frettabladid.is/paskaleikur** og segðu okkur á hvaða blaðsíðu páskaungi dagsins er. Ef þú svarar rétt þá kemst þú í pottinn.

Drögum daglega út einn heppinn vinningshafa.




Góa
Stofnað 1968

# Ómótstæðilega vinsælir vítislogar

Eldfjöll eru ómótstæðileg í sinni yfirþyrmandi fegurð. Aðsóknin á eldgosið í Geldingadal er slík að almannavörnum þykir nóg um. Þau sem vilja hlýða Víði geta þó fengið útrás yfir úrvali misgóðra bíómynda í öryggninu heima.



**Dreamworks-teiknimyndin Croods frá 2013 er öruggur inngangur að eldfjallafræðum fyrir börnin en hér segir frá frummannafjölskyldu sem hefur lifað af ýmsar hamfarir vegna fastheldni ættföðurins á hefðir og reglur. Eins og þá að fara helst ekki út úr hellinum. Þetta breytist þegar heimilið hrynur í jarðskjálfta og þegar eldgos er yfirvofandi þarf unga kynslóðin, með unglingsdótturina í fremstu víglínu, að leiða flóttann á nýjar slóðir.**



**Ljósmyndari Fréttablaðsins skrapp til Mordor en Gollum var ekki að æfa dýfingar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**Þar sem eldfjallið Vesúvíus er enn það frægasta sem sögur fara af, að Heklu og Litla-Geldingi ólöstuðum, og flestar kvikmyndir hafa verið gerðar um er ekki hægt annað en hafa eina Pompeii-mynd á dagskránni. Þessi er nýjust, frá 2014, og sú lélegasta sem hér kemst á blað. Hér bregður Kit Harington, sjálfur John Snow úr Game of Thrones, sér í sandalana og hlutverk ósigrandi skylmingaþræls sem þarf að berjast við sjálfan Vesúvíus til þess að bjarga sinni heittelskuðu, sem Emily Browning leikur, á meðan feig borgin hverfur undir sjóðandi öskulag.**

Hekla var fyrr á öldum talin „hlið vítis“ og fljótandi hraun tekur oft á sig mynd einhvers konar lifandi skrímslis sem gæti allt eins lekið úr hugarfylgsnum H.P. Lovecraft, þannig að í raun er ásókn fólks í funhitann úr iðrum jarðar mögnuð miðað við á hversu neikvæðum nótum almannatengslin hafa verið í gegnum tíðina.

Gosið sem er að gera allt vitlaust á Íslandi er ákaflega bíómyndalegt og kallast svo fallega á við lokakafla Hringadróttinssögu þríleiks Peters Jackson þar sem svart, storknandi hraunið og síkvikur gígurinn eru eins og náttúran hafi ákveðið að draga upp sviðsmyndina af eldfjallinu Dómsdagsdyngju og auga hins illa Saurons í miðju ríki hins illa, Mordor.

Tengingar eldgossins í Geldingadal við Mordor eru fleiri þar sem þeir sem geta ekki haldið sig fjarri gosinu þurfa að leggja á sig langa og háskalega gönguferð yfir hrjóstrugt landslag þar sem allra veðra er von. Mjög svipaðar aðstæður og föruneyti hringsins þurfti að þola í um það bil níu klukkustunda göngutúr sínum í gegnum þrjár Lord of the Rings-myndir.

Á leiðinni er meira að segja björgunarsveitafólk og lögregla á sveimi með augun opin fyrir þeim og möguleikanum á því að hefta för fótgangenda, rétt eins og hringvomar og orkarnir í Mordor.

Þá er ágætt að hafa í huga að í Hringadróttinssögu var enginn nema þráhyggjusjúklingurinn Gollum nógu klikkaður til þess að kasta sér ofan í gíginn. Hvað áköfustu eldfjallageldingarnir athugi.

## Ekki synda í hrauninu!

Plánetan og virka eldstöðin Mustafar er stórkostlegt baksvið hápunkts síðari Stjörnustríðs-þríleiks George Lucas en þar fer sótillur Anakin Skywalker heldur halloka fyrir lærimeistara sínum, Obi Wan-Kenobi, í funheitu geislasverðaeinvígi yfir glóandi hraunfljóti.

Leikar fara þannig að hinn áður hugprúði Jedi-riddari missir nokkra útlimi og fellur ekki aðeins fyrir aðdráttarafli skuggahliðar Máttarins heldur lóðbeint í sjóðandi hraunið þannig að hann viðbrennur á augabragði og upp rís hinn illi Svarthöfði.




**Volcano er hálfgerð fantasía.**

Þessi örlög Anakins eru ágætis áminning um hversu mikið glapræði það getur verið að leika sér í glóandi hraunflæðarmáli þar sem hending ein ræður því hvort maður endi eins og brakandi beikon á 1.000 gráðu heitri steikarpönnu.

Séu eldfjallabækur Hringadróttinssögu og Stjörnustríða bornar saman kemur síðan á daginn að eldgos og svellandi hraunelfur hafa einstakt aðdráttarafl á gegnsýrð illmenni en þrátt fyrir brennandi ógæfuna reisir Svarthöfði sér sinn geimkastala og varnarþing á Mustafar á meðan auga Saurons gnæfir yfir hraunbreiðum Mordor.

## Jói og eldfjallið




**Brosnan fór úr Gullauganu í eldinn.**

Gönguferðin með hringinn eina og mannlegur harmleikur hins unga Anakins eru vitaskuld ekki eiginlegar eldfjallamyndir en skólabókardæmi um hvernig eldfjöll eru notuð sem hádramatískur bakgrunnur mikilla tíðinda í kvikmyndaskáldskap.

Sem betur fer er þetta þó ekki aðeins dauði og djöfull í bíó og þroskasagan Joe Versus The Volcano er fyrirtaks dæmi um hið gagnstæða. Myndin er frá 1990 og þar eru vinirnir Meg Ryan og Tom Hanks í aðalhlutverkum í mynd sem almennt telst með betri eldfjallamyndum.

Myndin segir sögu hins ósköp venjulega Joe sem er svo ímyndunarveikur og sótthræddur að hægur vandi er að telja honum trú um að hann sé með dularfullan sjúkdóm, heilaský, sem muni draga hann til dauða innan skamms.

Verandi bráðfeigur tekur Joe tilboði um að fá að lifa eins og kóngur um stund og deyja eins og maður með því að kasta sér ofan í lifandi eldstöð og sefa þannig reiði eldfjallaguðsins á eyjunni Waponi Woo.

Á leiðinni þangað verður hann ástfanginn af Patriciu, sem Ryan leikur, og kynnist ýmsum hugvekjandi furðufuglum þannig að hann hefur komist að raunverulegu gildi lífsins þegar hann og Patricia þurfa að mæta örlögum sínum á Waponi Woo.

## Eldsumbrotaárið mikla 1997

Eldsumbrot höfðu verið heldur vanrækt í stórslysamyndum frá níunda áratugnum sem státar helst af When Time Ran Out frá 1980 með Paul Newman, Jacqueline Bisset og William Holden. Myndin þótti arfaslök en fátt er svo með öllu illt og Newman notaði tekjur sínar af myndinni til þess að koma fótunum undir Newman's Own sem er þekkt fyrir sósur sínar og ekki síst örbylgjupoppið sem poppaðist best við 1.200 gráður.

Hollywood bætti heldur betur úr þessu 1997 þegar tvær stórar eldgosamyndir sulluðust fram á sjónarsviðið. Annars vegar Dante's Peak og hins vegar Volcano sem eiga einnig sameiginlegt að vera báðar aðgengilegar á Amazon Prime.

Dante's Peak ratar stundum inn á lista yfir bestu eldfjallamyndirnar á meðan Volcano er að sama skapi nokkuð örugg á sambærilegum listum yfir þær verstu. Báðar eru þær auðvitað laustengdar jarðfræðilegum raunveruleika en í þeim efnum þykir Volcano flæða yfir öll mörk. Fræðileg nákvæmni er svo vitaskuld algert aukaatriði og báðar eru þessar stórhamfaramyndir ágæt skemmtun.

## Tilfinningar og tryllingur

Pierce Brosnan, sem var innvígður James Bond í Goldeneye tveimur árum áður, sýnir allt sem í honum býr í hlutverki jarðfræðings sem kemur til smábæjar til þess að kanna skjálftavirkni við rætur sofandi eldfjallsins Dante's Peak.




**Jói finnur ástina við rætur eldfjalls.**

Fjallið reynist síðan standa vel undir nafninu sem vísar beint í Vítisljóð Dantes þegar það byrjar að gjósa og þá engu Geldingadalskrútti. Ástir takast með jarðfræðingnum og bæjarstjóranum sem Linda Hamilton leikur og saman reyna þau að berjast gegn þvermóðsku embættismanna og bjarga bæjarbúum á meðan glóandi ösku rignir yfir bæinn.

Volcano er líklega best lýst sem jarðvísindafantasíu en þar rís skyndilega og fyrirvaralaust upp eldfjall í miðri Los Angeles borg. Eldsumbrotin sem þessu fylgja eru geigvænleg þannig að ekki er nóg með að hraunfljótið geri sig líklegt til að færa stórborgina í kaf þar sem fjallið skýtur einnig banvænum eldkúlum, einhvers konar hraunsprengjum, af ótrúlegri nákvæmni.

Tommy Lee Jones leikur hamfarastjórnanda borgarinnar, einhvers konar Víði Reynisson þeirra í Los Angeles, og það kemur í hans hlut að reyna að stjórna rýmingu borgarinnar á meðan hann freistar þess að stöðva hraunflóðið með aðstoð jarðskjálftafræðings sem Anne Hece leikur.

Varla þarf að taka fram að þrátt fyrir hörmungarnar og hasarinn finna hamfarastjórinn og jarðskjálftafræðingurinn tilfinningalegt svigrúm til þess að fella saman hugi á meðan þau bjarga því sem bjargað verður.

toti@frettabladid.is




## Pantaðu reynsluakstur á CR-V tvinnbílnum á Honda.is

Honda e:TECHNOLOGY

Nýr CR-V tvinnbíll. Viðbragðsgóður. Með akstursmýkt. Sparneytinn. Tvinnbíll fyrir lengra komna.

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 - 13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.

**Umboðsmenn um land allt:**
K.Steinarsson, Bílasala Austurlands, Bílver, Bílasala Selfoss, Bragginn, Höldur

Fylgdu okkur á Fagebook.
facebook.com/hondaisland








Karitas var að sögn fjölskyldumeðlima snemma mjög tónelsk og söng hinar ýmsu aríur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gaf út plötu og átti dóttur sama daginn

**Karitas Harpa** gaf út plötuna On the Verge í janúar og eignaðist dóttur saman daginn. Hún er því fyrst að ná að fylgja plötunni eftir núna. Karitas Harpa fer einnig með hlutverk Geimgerðar á barnaplötunni Út í geim og aftur heim, sem kemur út í apríl.

Karitas Harpa Davíðsdóttir gaf út plötuna On the Verge 19. janúar. Hún gerði gott betur og fæddi líka dóttur sama dag. Karitas er nú fyrst að ná að fylgja plötunni almennilega eftir og er von á fleiri lögum í útvarpsspilun á næstunni.

„Ég er fædd og að mestu uppalin á Íslandi, en bjó fjögur ár í Bandaríkjunum sem barn og lærði því íslenskuna og enskuna á sama tíma, enskan er mér því mjög eðlislæg. Í dag er ég nýorðin þrítug, þriggja barna móðir í Vesturbænum og finnst það hljóma svakalega absúrd því ég er alltaf sannfærð um að ég sé svo svakalega ung móðir,“ segir hún.

Karitas hefur alltaf verið umvafin tónlist. Faðir hennar lærði klassískan söng og var hún farin að raula hinar ýmsu aríur frekar ung að sögn fjölskyldunnar.

„Ég söng og lék með öllum Disney-myndunum mínum, sótti söngnámskeið og vildi alltaf vera í aðalhlutverkinu í skólaleikritum, sem ég reyndar var aldrei. En mig langaði það,“ segir hún og hlær. „Ég ætlaði síðan alltaf meira í þá átt, ég komst inn í flottan söngleikjaskóla í Bandaríkjunum eftir framhaldsskóla en gat svo ekki fylgt því eftir.“

## Einlæg angurværð

Tónlist Karitasar flokkast undir það sem kallast „pop pen“.

„Ég myndi lýsa henni sem tregafullri blöndu af tilfinningum, einlægni og angurværð. Tilfinningaleg úrvinnsla er lýsing sem ég hef oft notað þar sem flest lög sem ég hef samið eru sprottin af eigin reynslu og upplifun. Tónlistin er þung en samt létt á sama tíma, svolítið dramatísk en auðveld í eyrun.“

> ÞEGAR Á SÆNGURLEGUDEILD VAR SÍÐAN KOMIÐ, EFTIR ÖLL ÁTÖKIN, ÁKVAÐ ÉG AÐ OPNA SÍMANN OG TÉKKA. OG VITI MENN, PLATAN VAR ÞÁ KOMIN INN.

Hún segist hafa elst talsvert meira við strauma og stefnur þegar hún byrjaði fyrst að gefa út frumsamið efnið, í von um frekari spilun.

„En fann fljótt að það var ekki þannig sem ég vildi hafa það. Ég upplifði mig þá í raun bara sem ímynd af einhverju sem ég hélt að aðrir vildu sjá en fann síðan að því meira sem ég hafði fingurna í ferlinu, því meira gaf það mér sjálfri og ég tel það vera rosalega mikilvægt í list yfirhöfuð að listamaður sé sjálfum sér samkvæmur og að sýna einlægni.“

## Skemmtileg tilviljun

*Segðu mér frá þessari ótrúlegu tilviljun að þú eignaðist dóttur sama dag og platan kom út?*

„Platan átti upprunalega að koma út 15. janúar, sem er afmælisdagurinn minn. Ég leit á það sem góða þrítugsafmælisgjöf til mín, en streymisveiturnar höfðu önnur plön. Platan hlóðst ekki upp þann 15. og ég reyndi að hafa samband við þá sem því stjórna þessu næstu daga á eftir.“

Karitas var orðin stressuð, þar sem On the Verge var plata vikunnar á Rás 2 í sömu viku og þótti henni ansi fúlt að geta ekki bent hlustendum á streymisveitur.

„Þriðjudaginn 19. janúar fór ég svo af stað, platan enn ekki komin og það mjög svekkjandi. Þegar á sængurlegudeild var síðan komið, eftir öll átökin, ákvað ég að opna símann og tékka. Og viti menn, platan var þá komin inn og litla stúlkan út,“ segir hún brosandi.

„Nú er dóttir mín orðin tveggja mánaða og ég vona að hún fari að sofa betur. Það er svona með þessi börn, maður veit aldrei hvernig eintak maður fær í hendurnar. Ég er því að vinna núna að því að vekja athygli á plötunni og vona að á einhverjum tímapunkti geti ég flutt hana fyrir lifandi áhorfendur en það eitt er allavega víst að hún er komin út og fer ekki neitt hvort sem ég tala um hana núna, fyrir tveimur mánuðum eða eftir tvo mánuði,“ bætir hún við.

## Prófar að semja á íslensku

Núna 1. apríl kemur út barnaplatan Út í geim og aftur heim, eftir vin Karitasar, tónlistarmanninn Alexander Frey Olgeirsson.

„Hún inniheldur meðal annars ellefu frumsamin lög og leikþætti sem fléttast saman við. Á plötunni fer ég með hlutverk Geimgerðar þar sem ég syng og leik. Ég hlakka mikið til að fylgja því eftir. Ég hlakka líka til að fara aftur í stúdíó en ég hef verið að prófa mig áfram í því að semja á íslensku og hlakka til að sjá það þróast,“ segir Karitas Harpa.

On the Verge er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum.

steingerdur@frettabadid.is

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*


Brandenburg | SÍA
UPP MEÐ SOKKANA!
Kauptu sokka á krabb.is og
á sölustöðum um allt land
Krabbameinsfélagið
MOTTUMARS

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

550 5000 | RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is | AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is | PRENTUN Torg ehf. | DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is


BAKÞANKAR


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




# Hver ræður eftir COVID?

Hversu styrkum fótum stendur lýðræðið? Þessi spurning leitar mjög á menn og konur hér á Spáni um þessar mundir og sýnist sitt hverjum. Sumir segja þetta brauðfætur og tína til að hér sitja sjálfstæðissinnar, sem efndu til þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði Katalóníu, bak við lás og slá og að erfiðlega reynist að ná lögum yfir gamla kónginn þó fjármálahneykslin nái honum upp að höku meðan rappari situr í fangelsi fyrir lögin sín. Reyndar er það meira en leirburðurinn sem kemur söngvaskáldi því í klandur því hann hefur einnig ráðist á blaðamann.

En það sem vekur enn meiri ugg eru spurningar rithöfundarins Cristina Martín Jiménez sem spyr: Hverjir eru það sem taka ákvarðanirnar á örlagastundu? Hver tekur í tauminn þegar upplausn virðist í uppsiglingu? Svar hennar er á þá leið að Bildenberg klúbburinn hafi ráðið meiru um örlög Spánar en sjálf yfirvöld. Samt fer engum fréttum af klúbbi þessum meðan stjórnmálamenn berjast í leðjuslag frammi fyrir kastljósi heimsins. Hann réði því hver varð konungur eftir að Franco geispaði golunni og hvenær hann svo stígi til hliðar, sambandi landsins við Bandaríkin, inngöngu þess í Evrópusambandið og neyðarláninu sem notað var til að lífga bankana við eftir kreppu, svo dæmi séu tekin. Allt þetta var ákveðið af mönnum sem enginn hafði kosið.

Hverju sem fólk trúir tel ég það hollt að velta þessu fyrir sér nú þegar næsta verkefni er að rétta efnahag þjóða heimsins við. Á hvaða herðum standa hjálparhendurnar og af hverju vex alltaf ójöfnuðurinn þegar þær koma til sögunnar?





